



# Hjálmur

fréttablað

**Verkalýðsfélagið Hlíf óskar félagsmönnum og Hafnfirðingum öllum gleðilegrar aðventu og hamingjuríkra jóla!**



## „Við fórnnum ekki eigin fólki í kjarabaráttu“

„Deilan er einfaldlega í miklum hnút. Ferlið er þannig að núna ber ríkissáttasemjara að boða aðila til fundar á 14 daga fresti. Ríkið sjálft skiptir sér ekkert af málinu, jafnvel þótt það sé risastórt – það er bara litið á þetta sem kjaradeilu á milli aðila,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, um stöðuna í flókinni og hatrammri deilu sem fram fer í álveri Rio Tinto í Straumsvík. Deilan hefur ekki farið framhjá Hafnfirðingum og varla neinum þeim landsmanni sem á annað borð fylgist með fréttum.

Sú harka sem einkennt hefur kjarabaráttuna af hálfu Rio Tinto þykir nokkuð undarleg, en fyrirtækið hefur lagt alla áherslu á að færa 30–40 störf úr fastráðningum í verktöku. Að mati Kolbeins er afar óeðlilegt að blanda þessum

kröfum saman við venjulega kjarasamninga og í raun sé verið að krefja þá um að fórna tilteknum hluta skjólstæðinga sinna. Ítarlega er fjallað um málið í Hjálmi og rætt við Kolbein og Eypór Þ. Árnason, en hann er aðaltrúnaðarmaður í Straumsvík og hefur starfað þar um árabíl.

„Við vorum aldrei á neinni vegferð um að loka álverinu. Aðalslagurinn er að ná kjarasamningum fyrir okkar félagsmenn“

## Við stólum á þig

Stofnuð hafa verið ný samtök sem bera heitið „Við stólum á þig“, en markmið þeirra er að koma á laggirnir árlegri söfnun til að styrkja fólk sem er bundið við hjólastól til að gera nauðsynlegar aðgengisbreytingar heima við. Þörfin á þessu er brýn því að enginn sjóður er lengur til á vegum hins opinbera sem fólk getur sótt styrk í því hann var lagður niður í lok síðustu aldar.

Söfnunin hófst í Hafnarfirði þann 4. desember og mun breiðast út um allt land. Seldar verða margnota innkaupatöskur ásamt rúllu með 20 máispokum undir heimilissorp. Allur ágóði rennur í sjóðinn „Við stólum á þig“.

Verkalýðsfélagið Hlíf er stoltur styrktaraðili verkefnisins, nánar á bls.

[5]




Samningsárið mikla

[20]



Kjaradeilan í Straumsvík

[11]



Kraftmikil gaflaramenning

[28]



## Nú þarf að byggja til framtíðar

Nú er að ljúka miklu samningaári, einu því mesta í manna minnum. Búið er semja fyrir flesta okkar félagsmenn að nokkrum undanskildum. Samningar á almennum markaði voru fyrst undirritaðir þann 29. maí, samningur við ríkið var undirritaður þann 7. október, samningur við SFV (Hrafnistu) þann 20. október, samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar þann 20. nóvember auk nokkurra annarra samninga og samningur við Sorpu á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður þann 11. desember 2015.

Samningar hafa almennt verið samþykktir með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Það sem nú fer í hönd er að ríkið efni sinn þátt er varðar aðkomu að kjarasamningum með því að tryggingargjald lækki á fyrirtæki svo hægt verði að efna loforðið um að jafna lífeyrisréttindi á alla launamenn í landinu og að uppsöfnun í lífeyrisjóði verði 15,5%, auk þess sem hægt verði að leggja í séreignasjóð.

Allir þurfa að taka þátt til að kjarasamningar haldi eftir febrúar 2016, því annars er hætt á að allir samningar komist í uppnám með verðbólgu og vaxtahækkunum í kjölfarið. Það getur raunverulega myndast hætt á

kollsteypu í samfélaginu. En markmiðið er að í framhaldinu, ef allt gengur eftir, getum við farið að byggja upp það velferðarkerfi sem við viljum raunverulega sjá. Aukinn kaupmátt og hagvöxt til framtíðar. Þar getum við lært af frændþjóðum okkar á Norðurlöndum þar sem allir geta búið við lægri vexti og aukinn kaupmátt.

Þótt búið sé að ganga frá kjarasamningum við flesta félagsmenn í Hlíf situr eftir starfsfólk hjá Rio Tinto og hjá Kerfóðrun ehf.

Eins og fram hefur komið og ítarlega er fjallað um í Hjalmi eiga starfsmenn Rio Tinto að greiða fyrir sinn samning með því að selja störf sín í verktöku. Verktaka- og starfsmannaleigur er það sem atvinnurekendur virðast vilja festa í sessi í fyrirtækjum í stað fastráðinna starfsmanna. Ástæðan er eingöngu sú að þannig má lækka launakostnað í fyrirtækjum og losa sig undan kjarasamningsbundnum greiðslum, s.s. bónusum, álagsgreiðslum eða uppbótum á laun.

Á sama tíma og starfsmenn reyna ásamt okkur að koma á kjarasamningi er Rio Tinto að greiða til stjórnenda árangurstengdan jólabónus – sem hæglega væri hægt að nota í sparnað til að ekki þyrfti að setja 32 störf í verktöku eins

og krafa fyrirtækisins hefur verið. Þar sem fram hefur komið í fjölmörgum að fyrirtæki sé að leita allra leiða í sparnaði skýtur mjög skökku við að nú sé verið að greiða árangurstengda bónusa til stjórnenda og millistjórnenda.

Framtíðin í kjaradeilunni við Rio Tinto er því miður óráðin. Vonandi tekst þó að semja fljótlega því að brýnt er að starfsmenn þar fái að sitja við sama borð og aðrir launamenn í landinu sem hafa fengið sínar launahækkunar og leiðréttingar samkvæmt gerðum kjarasamningum. Ég vona innilega að bjartir dagar séu framundan á komandi árum þar sem mannauðurinn er sannarlega metinn að verðleikum.

Að lokum vil ég óska félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og nýárs og þakka þeim sem starfað hafa fyrir Hlíf fyrir einkar viðburðaríkt ár.

Með félagskveðju,  
Kolbeinn Gunnarsson  
Formaður Vlf. Hlíf

SKRIFSTOFA  
VERKALÝÐSFÉLAGSINS  
HLÍFAR  
Reykjavíkurvegi 64

#### OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga  
frá kl. 8:30 til 16:00  
Sími: 5100 800  
Fax: 5100 809

Veffang: [www.hlif.is](http://www.hlif.is)  
Netfang: [hlif@hlif.is](mailto:hlif@hlif.is)  
Ábyrgðarmaður:  
Kolbeinn Gunnarsson

Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf  
Umbrot: Kreativ Online ehf.  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



## Fræðslu- styrkirnir aukast

Viðtal við Svein Aðalsteinsson,  
framkvæmdastjóra Starfsafls  
fræðslusjóðs.



Verkalýðsfélagið Hlíf miðlar fræðslustyrkjum til félagsmanna sinna í hvers konar fræðslu. Fræðslusjóðurinn Starfsafl, sem Hlíf á aðild að, fjármagnar styrkina

með tekjum af starfsmenntaiðgjaldi sem atvinnurekendur greiða í sjóðinn. Samið er um gjaldið í kjarasamningum Eflingar, Hlífar og VSKF (Flóabandalagsins) við Samtök atvinnulífsins, en í síðustu kjarasamningum hækkaði gjaldið um 0,1%. Við tókum framkvæmdastjóra Starfsafls fræðslusjóðs, Svein Aðalsteinsson, tali.

„Við skynjum sífellt aukinn áhuga félagsmanna á fræðslustyrkjum sem er mjög ánægjuleg og góð þróun. Hvers konar fræðsla styrkir stöðu félagsmanna á markaði og líka fyrirtækin sem þeir vinna hjá. Hækkun starfsmenntaiðgjaldsins í síðustu kjarasamningum var kærkomin og

hún þýðir að við erum betur í stakk búin til að mæta auknum kröfum um fræðslustyrki. Starfsafl fræðslusjóður hefur verið rekinn með halla alveg frá kreppu en í fyrra varð viðsnúningur, þökk sé auknum tekjum, og við gátum skilað hallalausum rekstri. Sjóðurinn hefur gengið á varaförða sinn allt frá kreppu og því er mikilvægt að við getum núna safnað fé til mögru árána.

Við sjáum miðað við fyrstu níu mánuði ársins 2015 að fjöldi styrkja á því tímabili hefur aukist um tæp 15% miðað við sama tíma árið áður. Kostnaður hefur líka aukist en við hækkuðum hámark einstaklingsstyrkja úr kr. 60.000 í kr. 75.000 fyrr á árinu. Við endurgreiðum þó aldrei meira en 75% kostnaðar við hvert nám eða námskeið. Tæplega helmingur styrkja fer til formlega skólakerfisins, til háskólanáms, framhaldsskólanáms og ýmis konar starfsnáms.“

Hvað með aðrar nýjungar hjá sjóðnum?

„Í byrjun nóvember hófst nám fyrir þernur í umsjón IÐUNNAR fræðsluseturs. Námið hefur verið í mótun undanfarna þrjú mánuði í nánu samstarfi Starfsafls fræðslusjóðs, Eflingar stéttarfélags, Samtaka ferðaþjónustunnar, IÐUNNAR og hótélanna Icelandair Hotels og Center Hotels. Það var mjög mikilvægt að hafa fulltrúa hótélanna með frá byrjun þannig að námið henti þörfum markhópsins vel. Námið er 30 kennslustundir (20 klst) og á námskránni


er hópefli, skyndihjálpar, líkamsbeiting, samskipti, herbergisþrif og fleira. Seinni hluti námsins, aðrar 30 kennslustundir, fer af stað eftir áramót. Námið fer fram á ensku en fyrirhugað er að kenna á fleiri tungumálum ef þörf krefur.

Við fögnum þessu námsúrreði og væntum þess að það skili starfsmönnum meira öryggi í starfi og hótélgestum enn betri þjónustu. Að lokinni tilraunakennslu verður farið yfir námskrána aftur og síðan verður námið boðið öllum hótélum og gistiheimilum sem hafa áhuga. Ferðaþjónustan er mjög vaxandi og því er mikilvægt að við getum boðið þjálfunarúrreði hjá öllum hópum ferðaþjónustunnar.

Svo má nefna að áhugi fyrirtækja á verkefni Fræðslustjóri að láni fer sífellt vaxandi en þar lána starfsmenntasjóðirnir sérfræðing inn í fyrirtækin til að gera úttekt á fræðslumálum fyrirtækisins og gera tillögur að fræðsluáætlun sem samin er með aðstoð allra starfsmannahópa fyrirtækisins. Þannig reynum við að tryggja að fræðslan nýtist sem best og skili árangri, bæði fyrir fyrirtækið og starfsmanninn,“ sagði Sveinn að lokum.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF



# Vantar þig



## sandblástursfilmur í glugga ?

Skyggir en hleypir birtunni í gegn.

Skerum úr texta og myndur í filmuna allt eftir þínum óskum.  
Komum til að mæla og setjum upp filmurnar ... lítið mál.

### *-Bjóðum uppá skilti í öllum stærðum & gerðum-*

*Barm -og  
pinnmerki*



*Merki fyrir  
ráðstefnur  
& ættarmót*

### *-Góð þjónusta, snögg & vönduð vinnubrögð síðan 1982-*

## Bikarar, medalíur, verðlaunaplattar & diskar.



## Golfstyttur



# Fatamerking

- Íþróttaföt
- Vinnuföt
- Derhúfur
- Bolir



Flatahraun 31 - 220 Hafnarfirði  
sími: 565-1999 - www.marko.is  
prentun@marko.is  
stofnað 1982



Verkalýðsfélagið Hlíf er stolt af því að styrkja söfnunina

# „Við stólum á þig“

eftir slys eða erfið veikindi.

Því ætlum við öll að taka höndum saman og gera fólki kleift að búa betur hjá sínum eigin fjölskyldum.

Söfnunin hófst í Hafnarfirði þann 4. desember og mun breiðast út um allt land.

Seldar verða margnota innkaupatöskur ásamt rúllu með 20 maíspokum undir heimilissorp.

Allur ágóði rennur í sjóðinn „Við stólum á þig“.

Upplýsingar um söfnunina er að finna á Facebook með því að leita að „Við stólum á þig“.

Síðar verður einnig opnuð vefsíðan [www.vidstolum.is](http://www.vidstolum.is) þar sem finna má upplýsingar um verkefnið, tilgang, lög og reglur sjóðsins, sjóðsstjórn, verkefni og myndir.

Reikningar sjóðsins verða einnig opinberir á vefsíðunni. Einnig er ætlunin að fá fólk til að gerast meðlimir í félaginu. Þegar félaginu vex fiskur um hrygg mun félagið þurfa starfsmann og skrifstofuaðstöðu sem kallar á fjárútlát.

Þess vegna munum við leita eftir félagsmönnum um allt land. Árgjöld félagsmanna eiga að

vegna þess að fólk hefur ekki efni á að gera þær breytingar á eigin híbýlum sem til þarf. Þetta er sorgleg staðreynd sem við þurfum að breyta.

Hér er lítil saga sem nýlega var sett inn á Facebook-síðuna „Við stólum á þig“. Hún segir allt sem segja þarf um það hversu brýnt það er að við tökum höndum saman og aðstöðum okkar samborgara þegar á reynir.

*Mig langar að segja frá nokkru sem ég varð vitni af um sl helgi. Ég gekk með krökkunum mínum um helgina og á laugardag vorum við stödd í Setbergshlíðinni.*

*Við komum að einni blokk þar sem var íbúð á neðstu hæð með sér inngangi og ég tók sérstaklega eftir því hversu gott aðgengi var að íbúðinni, við bönnuðum, og til dyra kom lítil drengur.*

*Við spurðum hann hvort mamma eða pabbi væri heima þá galopnaði hann hurðina svo sást inn í eldhús, þar sat kornung kona í hjólastól. Krakkarnir báru upp erindi sitt og hún segir: ég á svo sem nóg af fjölnotapokum, en kom samt rúllandi fram og við fórum að tala um söfnunina. Ég sagði henni allt um söfnunina og þá sagði hún þetta væri einmitt það sem hún þurfti að gera breyta öllu hérna hjá sér á sinn eigin kostnað og myndi ekki óska neinum að lenda í þessari stöðu. Hún keypti af okkur poka og sagði: „Maðurinn sem stendur á bak við þessa söfnun er algjör HETJA“. Ég hálf klökknaði við að horfa á þessa ungu konu og horfa á aðstæður hennar með ca 8 ára drenginn sinn sér við hlið og hugsaði hvað þetta er þarf verkefni.*

*Við Íslendingar þurfum svo mikið að hlúa að okkar nærumhverfi þegar kemur að svo mörgu hér heima í stað þessa að hlaupa alltaf af stað eins og móðir Theresa og ætla að bjarga heiminum fyrst. Ég óska þess að allir landsmenn taki söluþólki Við Stólum á Þig opnum örmum og styrki málefnið, því allir geta lent í þeirri stöðu að þurfa hjálp frá sjóðnum.*

Skilaboð Berglindar Hilmarsdóttur til „Við stólum á þig“ þann 10. desember 2015

Um þessar mundir standa félagsamtökin „Við stólum á þig“ fyrir landssöfnun til styrktar fólki sem er bundið við hjólastól.

Tilgangur söfnunarinnar er að safna fé til að styrkja þessa einstaklinga til að breyta aðstöðu á heimilum sínum og auðvelda þeim að búa heima hjá sér.

Oft þarf t.d. að breikka hurðarop, fjarlægja þröskulda, setja arma á efri skápa í eldhúsi og á



Kolbeinn Gunnarsson form. Hlífar og Pétur H. Hansen framkvæmdastjóri söfnunarinnar

baði, breyta baðherbergis- og salernisaðstöðu og jafnvel breyta aðgengi að sjálfru húsinu.

Allt kostar þetta mikla peninga.

Það er því miður enginn sjóður lengur til á vegum hins opinbera sem fólk getur sótt styrk í því hann var lagður niður í lok síðustu aldar.

Það eina sem býðst er lán frá Íbúðalánasjóði að hámarki átta milljónir króna með veði í viðkomandi fasteign, en lánið er verðtryggt og ber 4,2% vexti.

Slík lánaþjör eru ekki upplifgandi fyrir fólk sem bundið er við hjólastól með minnkandi tekjur

standa undir rekstri félagsins. Ekki er ætlunin að söfnunarfé kosti starfsemi félagsins.

Þetta mikilvæga verkefni er langtímaverkefni. Seldar verða margnota innkaupatöskur og maíspokar allt árið, ár eftir ár, enda er þörfin mikil.

Það er nógu slæmt fyrir fólk að lenda í slysi, veikjast af MND, MS eða öðrum sjúkdómum sem valda því að fólk þurfi að nota hjólastól það sem eftir er ævinnar með minnkandi tekjur vegna starfsmissis. En margir neyðast auk þess til að flytja á meðferðarheimili eða stofnun

# Norðurál beitir deilunni í Straumsvík í samnings- viðræðum

Þann 17. desember hélt Landsvirkjun fund með fjölmiðlum, „meðal annars til að undirstrika að raforkusamningurinn væri algerlega óviðkomandi kjaradeilunni [í Straumsvík]“ eins og kom fram í umfjöllun Spegilsins á Rás 1 sama dag. Einnig kom fram að Norðurál hefði reynt að nota ástandið í Straumsvíki til að knýja fram lækkun á samningi sínum: „Í umræðunni undanfarnar vikur hafa stjórnendur Norðuráls



verið að reyna að bæta sína samningsstöðu með því að tengja þessar einföldu kjaraviðræður í Straumsvík einhvern veginn við sínar viðræður,“ var haft eftir Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, í Speglinum.

Hörður Arnarson vildi ekki tjá sig beint um einstaka viðskiptavini en hafði þó þetta að segja hvað varðaði bindingu Rio Tinto gagnvart samningnum: „Báðir aðilar hafa ríkar skyldur til þess að uppfylla sinn hluta, Landsvirkjun til þess að afhenda orkuna og álverið til að taka við orkunni og framleiða ál. Það þurfa í raun og veru að vera algerlega óviðráðanlegar aðstæður til þess að aðilar losni undan þeirri skyldu.“

Í máli Harðar kom einnig fram að álverið í Straumsvík væri ekki í vanda vegna af háls raforkuverðs: „Nei, raforkusamningur sem við gerðum við Rio Tinto árið 2010 og var svo endurnýjaður 2014 var mjög samkeppnishæfur samningur fyrir báða aðila til langs tíma, enda hefði fyrirtækið ekki í raun og veru undirritað hann á þeim tíma ef það væri ekki. Þannig að vandamál áliðnaðarins er ekki raforkuverðið en það er hins vegar vandamál að álverð er tímabundið lágt.“

## Bestu kveðjur til félagsmanna Hlífar



**VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG  
KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS**

**HÓPBÍLAR**

www.hopbilar.is

ISO 14001  
ALÞJÓLÉGT UMhverfisstjórnunarkerfi  
VOTTAD  
FYRIR TÆKI



# Gefðu gjöf sem gleður!



Eitt mesta úrval höfuðljósa frá **Petzl**, **Black Diamond** og **Silva**.  
Verð frá 4.495,-



**Jetboil** Zip primus.  
Verð 18.995,-



**Smith**, **Shred** og **Julbo** skíðagleraugu, mikið úrval!  
Verð frá 4.995,-



**Komperdell** Wild Rambler göngustafir.  
Verð 8.995,-



**Black Diamond** Trail Back göngustafir.  
Verð 14.995,-



**Smith** skíðahjálmar í miklu úrvali!  
Verð frá 9.995,-



**Silva** skrefamælur.  
Verð frá 3.595,-



**Laken** hitabúsar.  
Verð frá 3.995,-



**Marmot** Aquifer 28 lítra  
bakpoki með drykkjarslöngu.  
Verð 25.995,-



**Silva** Ranger S áttaviti.  
Verð 6.495,-



**Silva** Pocket 10 sjónauki.  
Verð 7.995,-



**Yaktrax** Walk hálkugommar.  
Verð 3.995,-



**Yaktrax** Pro hálkugommar.  
Verð 5.495,-



**Yaktrax** Run hlaupagommar.  
Verð 6.995,-



**Marmot** Kompressor Verve  
32 lítra bakpoki.  
Verð 27.995,-

**Barna skíðapakki**  
tilboðsverð frá 38.064,-



**Freestyle skíðapakki**  
tilboðsverð frá 79.188,-



**Fullorðins skíðapakki**  
tilboðsverð frá 71.984,-



Gjafabréfin okkar eru tilvalin jólagjöf

SIJÓN ER SÖGU RÍKARI!

PETZL Black Diamond Marmot ARCTERYX SCARPA MARKER VOLKE SILVA JETBOIL JULBO

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Spurt og  
svarað um

# SALEK

## Markmiðið að auka kaupmátt á grunni lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis

### Hvað er SALEK?

Svar: SALEK er skammstöfun fyrir samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. SALEK er afrakstur vinnu sem hófst 2013 með úttekki BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins. Þessar upplýsingar sem hér koma fram eru byggðar á efni frá Alþýðusambandi Íslands og markmiðið með því að setja þær fram hér í Hjálmi er að félagsmenn geti sjálfir á grundvelli upplýsinga myndað sér skoðun um SALEK.

### Hvers vegna SALEK?

Svar: Með samstarfinu vilja heildarsamtökin stuðla að því að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga með Norðurlöndin sem fyrirmynd. Markmiðið er að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Á hinum Norðurlöndunum hefur tekist að auka kaupmátt tvisvar sinnum meira á ári á síðustu 15

Á hinum Norðurlöndunum  
hefur tekist að auka  
kaupmátt tvisvar sinnum  
meira á ári á síðustu 15 árin  
en hér á landi.

árin en hér á landi. Auk þess er samkomulaginu ætlað að stuðla að friði á vinnumarkaði og auknum stöðugleika.

### Er samningsrétturinn tekinn af einstaka stéttarfélögum með SALEK samkomulaginu?

Svar: Nei, það er ekkert í þessu samkomulagi sem hróflar við ákvæðum vinnulöggjafarinnar um samningsrétt einstakra stéttarfélaga.

### Er þetta kjarasamningur?

Svar: Nei, þetta er rammasamkomulag sem hvert stéttarfélag/landssamband fyrir sig getur unnið út frá. Allir aðilar samkomulagsins fá þó fyrirheit um að njóta sambærilegra launahækkana til ársloka 2018. Þá verður gert samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.

### Kemur þetta samkomulag í staðinn fyrir kjarasamning?

Svar: Nei. Flest félög innan ASÍ sömdu vorið 2015 til þriggja ára um minni launahækkanir en felst í SALEK-samkomulaginu. Á grundvelli þessa rammasamkomulags þarf samninganefnd ASÍ að gera nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins til að tryggja að 85.000 félagsmenn okkar á almennum vinnumarkaði fái sambærilegar launahækkanir og um hefur verið samið á opinbera markaðinum. Sá samningur verður síðan lagður í atkvæðagreiðslu félagsmanna.

### Þýðir þetta samkomulag að allar launahækkanir (launaskrið) séu bannaðar?

Svar: Nei, það er ekki hægt að banna launaskrið. Breytingin er sú að opinberir starfsmenn fá nú að njóta launaskriðs sem verður á almennum vinnumarkaði, að frádregnu launaskriði á opinbera vinnumarkaðinum.

### Gerir samkomulagið það að verkum að launahækkanir mínar verða takmarkaðar?

Svar: Gagnvart félagsmönnum ASÍ hjá hinu opinbera tryggir samkomulagið að þeir fái sambærilegar launahækkanir og kveðið var á um í gerðardómi í sumar. Gagnvart félagsmönnum ASÍ á almennum vinnumarkaði tryggir samkomulagið að SA skuldbindur sig að tryggja þeim einnig sambærilegar launahækkanir.

### Er stéttarfélag óþörf með svona samkomulagi?

Svar: Nei, þvert á móti sýnir þetta styrkleika okkar fyrirkomulags. Við getum verið stórt

og sterkt afl í samskiptum við hið opinbera og samtök atvinnurekenda en samhliða búið einstaka stéttarfélögum betra svigrúm til þess að sinna hagsmunum sinna félagsmanna.

### Er það forysta hvers tíma sem getur gert breytingar á samkomulaginu, allt eftir því hvernig vindar blása?

Svar: Forysta verkalýðshreyfingarinnar hefur að sjálfsögðu ekkert sjálfðæmi um það með hvaða hætti samningalíkan er byggt upp. Þar hafa stéttarfélögin og félagsmenn þeirra síðasta orðið. Með umræddu rammasamkomulagi er ekki búið að ákveða eitthvert eitt samningalíkan, heldur er hér verið að hefja umræðu sem við teljum að muni taka 2-3 ár að ljúka. Verður það gert í nánu samráði og samstarfi við aðildarfélög ASÍ og félagsmenn þeirra. Ef við náum á endanum saman um innviði nýs samningalíkans verður það lagt í atkvæðagreiðslu allra þeirra tæplega 100.000 félagsmanna sem eru innan raða ASÍ.

### Hvað gerist núna þegar búið er að gera SALEK-samkomulagið?

Svar: Fyrsta verkefnið er að ljúka kjarasamningum við ríki og sveitarfélög vegna félagsmanna ASÍ sem starfa á þeim hluta vinnumarkaðarins. Næst er að tryggja félagsmönnum ASÍ á almennum vinnumarkaði sambærilegar launahækkanir á næstu árum og hér um ræðir. Síðan verðum við að hefja umræðu um þróun og mótun þess samningalíkans sem vonandi tryggir okkar félagsmönnum kaupmáttaraukningu á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. Samhliða verðum við að ræða við stjórnvöld um það með hvaða hætti þau þurfa að beita agaðri hagstjórn til að koma í veg fyrir kollsteypur vegna ofpenslu.

Ef þú hefur frekari spurningar vegna SALEK-samkomulagsins sendu þær þá á asi@asi.is. Þetta efni er byggt á samantekt frá ASÍ og notað með góðfúslegu leyfi.



## Betri vinnubrögð - aukinn ávinningur og jafnræði

# - umfjöllun um nýtt SALEK - samningalíkan

Hækkun atvinnutekna á Íslandi hefur að jafnaði verið tvöfalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin. Þrátt fyrir það hefur kaupmáttur atvinnutekna aukist helmingi minna hér en þar á þessum 15 árum, eða 0,8% á ári í stað 1,7% á hinum Norðurlöndunum. Þótt þessi munur virki ekki mikill við fyrstu sýn munar þetta uppsafnað riflega 14% í hreinum kaupmætti á tímabilinu. Ástæðan er sú að verðbólga á Íslandi hefur á þessum tíma verið 5,5% að meðaltali samanborið við 1,8% á hinum Norðurlöndunum. Þetta hefur svo leitt af sér að frá aldamótum hefur gengi íslensku krónunnar fallið um 50% en gengi gjaldmiðla hinna Norðurlandanna hefur haldist nánast óbreytt gagnvart evrunni.

Bein afleiðing þessarar miklu verðbólgu og efnahagslegs óstöðuleika er sú að á Íslandi hafa vextir að jafnaði verið þrefalt hærrí en á hinum Norðurlöndunum, en þetta hefur aftur leitt til þess að íslenskt launafólk þarf að ráðstafa næstum fimmtungi tekna sinna í aukna greiðslubyrði lána.

Af þessum sökum hefur verið samþykkt nýlegt samkomulag um ný og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga – nýtt samningalíkan – með von um að ná hér fram betri stöðugleika og leggja grunn að því að geta aukið kaupmátt launa á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægri vaxta.

Nýtt samningalíkan milli aðila vinnumarkaðar er afrakstur vinnu sem hófst árið 2013 með úttekki BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum. Mikil áhersla er lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins með það að markmiði að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning og gerð kjarasamninga.

Samkomulagið nær til nokkurra mikilvægra þátta. Fyrst ber að nefna sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 þar sem gert er ráð fyrir að horfa til allra kostnaðaráhrifa kjarasamninga, þar með talið kostnaðar við jöfnun lífeyrisréttinda. Miðað er við að launakostnaðarvísitala einstakra hópa hækki ekki meira en um 32% á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Samkomulag er um að opinberum starfsmönnum verði

á tímabilinu tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram það launaskrið sem verður á opinberum vinnumarkaði. Launskriðsákvæðið tekur þó ekki gildi fyrr en aðilar hafa samið sig að þessari launastefnu, að samkomulag liggi fyrir um jöfnun lífeyrisréttinda og að samkomulag liggi fyrir um ný sameiginleg forsenduákvæði kjarasamninga. Það er því að mörgu að huga.

### Aukinn stöðugleiki og minni átök

Það er sannfæring samningsaðilanna að betri vinnubrögð muni leiða til aukins samstarfs og minni átaka í samfélaginu og að efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki verði meiri. Markmiðið er eins og áður sagði að leggja traustan grunn að varanlegri aukningu kaupmáttar launa á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægri vaxta.

Mikilvægt er að hafa það í huga að vinnumarkaðurinn leikur stórt hlutverk í þróun efnahagsmála samhliða efnahagsstefnu stjórnvalda og peningastefnu Seðlabankans. Þess vegna þarf formlegan vettvang þessara aðila, þar sem forystufólk vinnumarkaðar, ríkistjórnar og seðlabanka geta stillt saman strengi. Samhliða þessu hafa aðilar vinnumarkaðarins lagt á það áherslu að sátt náist um stjórn lykilstofnana á vinnumarkaði, en þær stofnanir eru atvinnuleysistryggingarsjóður, fæðingarorlofsjóður og ábyrgðarsjóður launa. Jafnframt hafa fulltrúar ASÍ og BSRB lagt á það áherslu að vinna þurfi að því að tryggja félagslegan stöðugleika og víðtæka sátt um forgangsriðun í velferðarmálum.

Næstu skref eru því að gera þarf kjarasamning við SA um breytingar á gildandi kjarasamningum og aðlaga þá að þeirri sameiginlegu launastefnu sem samkomulagið hvílir á. Jafnframt þarf að ljúka við gerð samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Í viðræðunum um rammisamkomulagið lá ljóst fyrir að atvinnulífið treysti sér ekki til þess að fylgja þeirri launastefnu sem ríki og sveitarfélög höfðu í reynd mótað með samningum sínum við kennara og lækna á síðustu misserum og Gerðardómur hafði sem viðmiðun í sínum úrskurði gagnvart hjúkrunarfræðingum og BHM án þess að gripið yrði til viðeigandi

mótvægisáðgerða. Í því sambandi var helst rætt um lækkun tryggingagjaldsins og áðgerða í gengis- og peningamálum sem kæmu í veg fyrir ósjálfbæra styrkingu krónunnar. Viðræðum samninganefndar ASÍ við SA hefur í sjálfu sér miðað vel og ekkert sem ætti að standa í vegi fyrir því að við náum saman nema hvað varðar þátt stjórnvalda. Stjórn SA hefur gert það að skilyrði að til þess að samþykkja að fylgja þessari sameiginlegu launastefnu sem grundvallast á Gerðardómi verði að liggja fyrir með hvaða hætti stjórnvöld hyggist koma til móts við aukinn kostnað atvinnulífsins. Að sama skapi hefur Samninganefnd ASÍ ekki talið sér fært að ljúka samkomulagi við SA án þess að ljóst sé hver verði afdrif yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninganna frá því í vor, einkum um húsnæðisbæturarnar og nýtt félagslegt húsnæðiskerfi, en þessi mál hafa ekki enn verið lögð fram á Alþingi og fullkomlega óvíst um framgang þeirra. Því er mikil óvissa um framvindu þessara mála og óljóst hvort samkomulag náist milli ASÍ og SA eða hvort til uppsagnar kjarasamninga kemur í febrúar n.k. Ljóst er því að það er mikil óvissa um afdrif þessa samkomulags sem undirritað var 27. október s.l. Að mörgu leyti er hér um tímamótasamkomulag að ræða og ef ekki kemur til uppsagnar kjarasamninga í febrúar erum við að hefja vinnu við að móta innihald þessa nýja íslenska samningalíkans. Ég held að það verði hyggilegt að hafa aðferðarfræði félaga okkar í Noregi, Danmörku og Svíþjóð til hliðsjónar og leita til þeirra um ráðgjöf og aðstoð – bæði gagnvart heildarsamtökunum og einstaka aðildarsamtökum þeirra – við mótnun okkar líkans. Það er jafnframt ljóst að vinnumarkaðurinn þarf að eiga samtál við stjórnvöld og stjórn málin til þess að ræða með hvaða hætti við bæði getum og þurfum að stilla saman nýju samningalíkani og stefnumörkun og ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni í hagstjórn til þess að ná því marki að hér verði raunverulegur og langvarandi efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki.

Gylfi Arnbjörnsson

*Umfjöllun byggir á leiðara í fréttabréfi ASÍ*

# Tækifærið er núna ef við viljum byggja upp til framtíðar



segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar um SALEK

Við höfum verið að horfa í alllangan tíma til Norðurlandanna þar sem félagar okkar í verkalýðshreyfingum þessara landa hafa náð meiri og jafnari árangri í kaupmætti en við Íslendingar. Þar hafa þeir náð árangri sem við hljótum að líta á sem fyrirmynd. Ég lít því á starf SALEK-hópsins sem skref í rétta átt ef við

ætlum að byggja hér á landi upp samfélag sem á að vera með svipuðu sniði og norræna velferðakerfið er. Tækifæri okkar er einmitt núna.

Það er svo margt sem styður okkur í þessari vinnu núna. Almennt er verkalýðshreyfingin hér á landi sammála um markmiðin með að nálgast kjara- og samningamál eins og þau eru á Norðurlöndum. Atvinnurekendur eru þessu einnig fylgjandi og við höfum stuðning

stjórnvalda til að fara inn á þessa braut. Svo er mikilvægt að hafa í huga að verðbólga á Norðurlöndum hefur verið á lægri nótunum sem leiðir til þess að launamenn geta fjárfest til framtíðar í húsnæði og lífað mannsæmandi lífi á dagvinnulaunum.

Tryggja verður að allir í verkalýðshreyfingunni verði að taka þátt í verkefninu svo árangur náist til framtíðar. SALEK-hópurinn á að tryggja samræmda launastefnu á öllum vinnumarkaði til næstu þriggja ára. Allir viðsejendur skuldbinda sig til að launakostnaður sé eins fyrir alla hópa fram til ársins 2018.

Það er einnig stórt markmið að draga úr því misræmi sem nú er milli launaþróunar opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Samkomulagið tengist einnig því að koma í veg fyrir uppsögn kjarasamninga ASÍ-félaganna í febrúar.

Ég tel þessa aðferð tilraunarinnar virði til að byggja upp betra samfélag hér á landi til framtíðar.



Teg. Mary 3 - 1 - 1



Teg. Giulia 3 - 1 - 1

## Sófasett, svefnsófar, hornsófar ofl.ofl



Plútó svefnsófi



Hornsófi teg. Carlos



Tungu sófar m. svefn og rúmfatag.



Sófab.Sandra 120 x 80 Camilla sjónv.skápur 150 cm. Torino sjónv.skápur 135 cm. Torino sjónv. 90 cm. Sófab. Sharon 120 x 75 x 50

**Opið laugardag  
11 - 15**



Strandgötu 24, 220 Hafnarfirði - Sími: 565 4100 - www.nyform.is



# „Við fórnnum ekki okkar eigin fólki fyrir sjálfsagðar kjarabætur“

Viðtal við Kolbein Gunnarsson og Eyþór Þ. Árnason um harkaleg átök í tengslum við kjarasamninga starfsfólks í Straumsvík

Síðan álverið í Straumsvík var formlega vígt árið 1970 hefur það verið órjúfanlegur hluti af bæði hafnfirsku atvinnulandslagi og í raun íslenskum atvinnumarkaði í heild sinni. Í Straumsvík hefur alltaf verið stór vinnustaður í ýmsum skilningi, jafnvel í árdaga þegar framleiðslan var margfalt minni, en á ársgrundvelli er hún í dag 190.000 tonn en var í upphafi aðeins 33.000 tonn.

Tengslin við Hafnarfjarðarbæ eru því mikil og rótgróin þegar 45 ár eru liðin síðan verksmiðjan var tekin í notkun. Þess vegna hefur komið illa við marga bæjarbúa að heyra af deilum á milli forsvarsmanna fyrirtækisins og starfsmanna sem staðið hafa allt þetta ár, kjaradeilur sem sumpart virðast hafa snúist um nýjan kjarasamning en sumpart um tilraunir Rio Tinto Alcan til að höggva skarð í það hvernig almennt er komið fram við starfsfólk á Íslandi, því eins og fram kemur í þessari úttekt er krafa fyrirtækisins að færa töluverðan fjölda fastra starfa yfir í verktöku.

Svo ramar urðu þessar deilur að starfsmenn Rio Tinto Alcan boðuðu til verkfalls þann 2. desember. Verkföllinu var afstýrt á síðustu stundu af hálfu verkalýðsfélaganna, enda ljóst að hugsanlega yrði álverið þá ekki ræst á nýjan leik. Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, og Eyþór Þ. Árnason,

aðaltrúnaðarmaður hjá Rio Tinto Alcan, sátu fyrir svörum um þetta flókna mál sem ekki sér enn fyrir endann á þar sem deiluaðilar hafa ekki skrifað undir nýjan kjarasamning.

## Venjuleg kjarabaráttu – óvenjulegar kröfur

„Almennt virðist hafa lagst vel í starfsfólk að verkfallinu var aflýst,“ segir Kolbeinn. „Fólk hefur skilning á því að þetta hafi verið skynsamt skref til að taka, enda var þetta langt í frá hefðbundinn og venjulegur kjarabaráttuslagur. Í dæmigerðum kjaraviðræðum, sem oft geta samt verið ansi harðar, er verið að slást um kannski 1–2% hækkun á launum. En þetta var eitthvað allt annað og meira. Í raun vorum við þarna krafin um að selja frá okkur vissa félaga

okkar í skiptum fyrir sömu launahækkun og við hjá verkalýðsfélagunum höfum samið um fyrir aðra hjá öðrum fyrirtækjum. Krafa Rio Tinto Alcan var sú að fá leyfi til aukinnar verktöku í rekstri fyrirtækisins á kostnað fastra starfa, á þeim grunni að svigrúmið væri ekki nægilega mikið – en það er málflutningur sem stent einfaldlega ekki skoðun.“

Þessu til stuðnings leggur Kolbeinn fram svokallað verktakayfirlýsingu, sem er sameiginleg yfirlýsing á milli hlutaðeigandi verkalýðsfélaga og fyrirtækisins; plagg sem fyrst var gert þann 31. desember 1972 og síðast breytt í júní 2001 (yfirlýsingin í heild sinni er birt hér með viðtalinu til glöggvunar).





### Opnun á verktakayfirlýsingu – breyting á hefðbundnum starfsháttum

„Málið snerist af þeirra hálfu um opnun á þessari verktakayfirlýsingu sem legið hefur til grundvallar starfinu í Straumsvík síðan 1972. En eins og kemur fram í yfirlýsingunni er hún nú þegar galopin og það hefur aldrei verið þannig að við höfum sett okkur upp á móti verktöku. Það er því einfaldlega rangt að Rio Tinto fái ekki að nota verktaka og þeir standa ekkert verr en önnur fyrirtæki að þessu leyti, þótt því hafi ítrekað verið haldið fram. Verktakar eru og hafa alltaf verið að sinna ýmsum störfum í Straumsvík. Að jafnaði eru á hverjum tímapunkti um 50–100 verktakar að störfum á svæðinu. Um þetta snýst stóri slagurinn – og það þarf ekki að koma á óvart því að móðurfyrirtæki Rio Tinto Alcan hefur gefið út að þeirra stefna sé að fjölga verktökum úr 5% upp í 25% á alþjóðavísu.“

Eypór Þ. Árnason er aðaltrúnaðarmaður hjá Rio Tinto. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2002 og þekkir því afar vel til á svæðinu: „Þegar kalla þarf til verktaka þarf að upplýsa aðaltrúnaðarmanninn um það. En við höfum einfaldlega aldrei verið að neita slíkum beiðnum – ef það vantar aukamenn til að reka verksmiðjuna þá hlítum við því, að sjálfsögðu,“ segir Eypór. „Skilyrðin hafa auðvitað verið þau að menni fái sambærileg kjör og aðrir starfsmenn í sambærilegum störfum, með öllum tilheyrandi viðbótum. Um þetta hefur ríkt sátt, en nú virðist hún rofin af hálfu fyrirtækisins,“ segir Eypór.

„Við erum auðvitað að reka kjarabaráttu fyrir hönd starfsfólksins sem eru okkar skjólstæðingar“, bætir Kolbeinn við: „Og hún felur í sér að halda uppi launastigi og vernda réttindi. Ef þú færir viss störf úr fastráðningum

í verktöku ertu í raun að dæma þessi störf til láglauna. Verktakayfirlýsingin sem nú er í gildi tryggir verktökum sambærileg laun samkvæmt launataxta ISAL, föst laun, ferðapeninga og umsamið lágmark bónusa. Að fara frá þessari yfirlýsingu yfir í aukna verktöku væri mikið og stórt skref aftur á bak í kjarabaráttunni.“

Þetta viðhorf ráðamanna Rio Tinto kom skýrt fram í aðdraganda átakanna nú í vetur, m.a. í

Umrætt bréf vakti nokkra athygli, en það hefst á því að forstjórinn minnst þess að rétt eftir hrun hafi fyrirtækið ákveðið að greiða starfsmönnum ein og hálf mánaðarlaun aukalega vegna hrunsins. Forstjórinn rifjar upp að sú aðgerð hafi kostað um 400 milljónir króna – en að tilefni bréfaskrifanna sé ekki eins ánægjulegt nú og þá.



Kolbeinn Gunnarsson og Eypór Þ. Árnason

bréfi sem Rannveig Rist, forstjóri fyrirtækisins, sendi starfsmönnum þann 6. ágúst 2015, en þar sagðist hún m.a. telja „rétt og eðlilegt að starfsmenn verktaka taki laun samkvæmt þeim kjarasamningum sem gilda hjá viðkomandi fyrirtæki.“ Þarna er því skýrt farið frá þeirri viðmiðun að verktakar í Straumsvík fái sömu kjör og sambærilegir starfsmenn.

### Barátta um launakostnað eða orkukostnað?

„Fljótt á litið er hægt að sjá að þetta snúist um að ná niður launakostnaði,“ segir Eypór. „Það er alveg hægt að hafa skilning á því. En að gera svona kröfur í samhengi við almenna kjarabaráttu og kjarasamninga? Það er alveg nýtt. Við erum að tala um að starfsmenn hafi ekki fengið neinar launahækkningar síðan í febrúar



2014. Samningar voru lausir 31. desember 2014. Það er rúmt ár síðan. Við leggjum heldur alls ekki að jöfnu lágmarkslaun verkamanna eða laun fyrir sérhæfð störf í álverinu. Margt af því sem um ræðir eru sérhæfð störf sem eru aðeins unnin með þekkingu sem menn afla sér með tímanum, með því að vera hér á svæðinu," segir Eypór og bætir við: „Svo gleymist líka oft – í þessari baráttu og líka annars staðar – að þeir launataxtar sem samið er um í kjarasamningum eru lágmarkstaxtar en fyrirtæki eru ekki bundin af þeim á neinn hátt, ekki upp á við.“

Í samfélagsumræðu um málið og í fjölmiðlum hefur verið bent á ýmsar hliðar málsins sem skjóti skökku við. Til að mynda fjallaði Vísir um það þann 9. desember að árið 2014 hefði Rio Tinto Alcan greitt 1,7 milljarða króna til móðurfélagsins. Samt var félagið rekið með taprekstri sama ár. Sú harka sem einkennt hefur kjarabaráttuna í Straumsvík í vetur af hálfu fyrirtækisins þykir því nokkuð undarleg; hvernig fyrirtækið hefur lagt alla áherslu á að færa 30–40 störf úr fastráðningum í verktöku. Sparnaður af slíku fyrirkomulagi yrði ekki mikill, mögulega 30–40 milljónir á ársgrundvelli.

Því hafa margir velt því fyrir sér hvort annað liggi að baki þessum hörðum átökum. Vill móðurfélagið loka álverinu og er að leita sér að átyllu? Vill móðurfélagið þvinga stjórnvöld og Landsvirkjun til að endurskoða gildandi orkusamninga? Það liggur fyrir að Rio Tinto Alcan gerði orkusamninga árið 2010 og 2014 þar sem fallið var frá því að orkuverðið færi eftir heimsmarkaðsverði á áli. Tölur um þetta eru á reiki, en telja má að Rio Tinto sé að greiða allt að 3 milljörðum meira fyrir orkuna árlega en t.d. Norðurál og Alcoa.

Í öllu falli virðast þessar tölur um mögulegan launasparnað léttvægar þegar litið er til þess að árleg velta fyrirtækisins er um 50 milljarðar króna og núverandi eignir eru metnar á u.þ.b. 200 milljarða króna. Og mikið er í húfi því að móðurfélag Rio Tinto Alcan ber í raun ábyrgð á þeim raforkusamningum sem gerðir voru við Landsvirkjun.

#### Hvers vegna þurfti að aflýsa verkfalli?

Margir biðu með öndina í hálsinum eftir niðurstöðum af síðasta sáttafundinum áður en til verkfalls átti að koma þann 2. desember síðastliðinn.

„Við tókum ákvörðun um að aflýsa verkfallinu eftir tólf tíma fund í samninganefndinni, en hún samanstendur af fulltrúum frá Hlíf, Matvís, VM, FIT, RSÍ og VR. Ástæðan var einföld: Við vildum ekki verða að blóraböggjum fyrir það ef álverinu yrði lokað. Við vorum aldrei á neinni vegferð um að loka álverinu. Það var aldrei okkar slagur, þetta er bara kjarabaráttu fyrir okkur," segir Eypór. „Þótt reynt hafi verið að draga úr því á seinni stigum er alveg ljóst að því var hótað að loka þyrfti álverinu ef á annað borð þyrfti að slökkva á því.“

„Undir það síðasta var líka kominn til landsins fulltrúi frá Rio Tinto í Evrópu og okkur varð ljóst eftir viðræður við hann að það var enginn samningsvilji fyrir hendi hjá móðurfyrirtækinu. Hann sagðist hafa heimild til að semja til miðnætis, annars yrði þetta bara sett í hendurnar á Rio Tinto og þá væri óvíst með stöðuna," bætir Eypór við.

Í máli þeirra Kolbeins og Eypórs kemur fram að samninganefndin hafi reynt að fá þennan aðila

frá móðurfyrirtækinu að samningaborðinu. „Við vörpuðum fram þeirri hugmynd, fyrst hann væri kominn sem fulltrúi móðurfélagsins, hvort það gæti verið sameiginlegur skilningur okkar að grundvöllur væri fyrir því að fresta verkfallinu í einn eða tvo sólarhringa og komast að sáttaniðurstöðu. Hann sló það alveg út af borðinu. Sáttaviljinn var enginn," segir Eypór.

Eftir þetta hittist samninganefndin og fór hreinskiptið í gegnum allt málið. Niðurstaðan var sú sameiginlega niðurstaða að tilgangur kjarabaráttunnar væri alls ekki að loka álverinu í Straumsvík og ef vilji væri til þess hjá móðurfyrirtækinu þyrfti það að vera á þeirra eigin ábyrgð. Ef verkfall væri ekki að mynda þrýsting væri verkfall tilgangslaust.

#### Og hvað tekur svo við?

„Tja, deilan er einfaldlega í miklum hnút. Ferlið er þannig að eftir þetta ber ríkissáttasemjara að boða aðila til fundar á 14 daga fresti. Ríkið sjálft skiptir sér ekkert af málinu, jafnvel þótt það sé risastórt – það er bara litið á þetta sem kjaradeilu á milli aðila," segir Kolbeinn. „Stærsta spurningin er hvort þeir séu tilbúnir að slaka á sínum kröfum. Við erum það nefnilega ekki – fyrir okkur er þetta grundvallarmál sem hefur með eðlilegt atvinnuumhverfi að gera og grundvallarkjarabaráttu. Við höfum rætt það í okkar hópi að ná fram kjarasamningi við fyrirtækið, án þess að opna verktakayfirlýsinguna, en lýsa á sama tíma yfir vilja til að ræða yfirlýsingunum í rólegheitunum næstu tvö árin. Við erum ekki óbilgjarnir, við erum tilbúnir að skoða margt, en við erum bara ekki tilbúnir að selja frá okkur sjálfsgaðan verkalyðsrétt.“

Eypór bætir við þetta: „Þetta er pattstaða fyrir alla og líka óvenjuleg staða fyrir ríkissáttasemjara. Hann gæti auðvitað sett fram miðlunartillögu, en það þyrfti að vera í samráði við báða aðila. Fyrir hann er auðvitað líka erfitt að leggja fram tillögu sem hefur beint með störf tiltekinna starfsmanna að gera – þetta er því fáheyrd staða.“

### Mannauðsflótti? Og hvað með grænu orkuna?

Nú þegar liggur fyrir að starfsfólk Rio Tinto Alcan hefur ekki fengið launahækkun í að verða tvö ár. Við þetta bætist að álagið hefur aukist, stöðugildum hefur verið fækkað – og harkan hjá forsvarsmönnum fyrirtækisins í þessum slag bætir ekki úr skák. Ýmsir hafa lýst yfir þungum áhyggjum af þessari þróun, m.a. Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmteknimanna, en í viðtali á Vísi þann 4. desember síðastliðinn sagði hann m.a.: „Starfsandinn þarna innandyra kemst ekki mikið neðar og ef fyrirtækið er ekki að drífa sig í að gera kjarasamning við starfsfólkið þá

munu þeir fljótlega sitja með það í fanginu að fólk fer að leita á aðrar slóðir, finna sér vinnu annars staðar. Það blasir bara við.“

Undir þetta taka þeir Kolbeinn og Eypór og benda á að nú, þegar þenslan sé orðin augljós í samfélaginu með tilheyrandi slag um hæft starfsfólk, skjóti skökku við að Rio Tinto Alcan komi ekki betur fram við starfsfólk sitt:

„Maður skilur ekki viljann hjá þeim að fara í úthýsingu. Fyrirtækið hefur frábæran aðgang að starfsfólki með reynslu, með þekkingu og með viljann til að starfa á þessum vinnustað sem mörgum þykir vænt um að auki,“ segir Kolbeinn.

„Svo er annað í þessu,“ stingur Eypór inn í. „Sums staðar í heiminum er verið að knýja álver með kolum og jafnvel olíu. Hér erum við þó með græna orku sem knýr framleiðsluna – ætli það verði ekki frekar verðmætur kostur eftir fimm til fimmtán ár, ef mönnum er alvara með að hætta notkun jarðefnaeldsneytis á heimsvísu? Hversu mikils verður það þá að vera með vandað og vel rekið álver hér á landi – rekið af hágæða starfsfólki sem veit hvað það

er að gera?“

### Kjarabaráttan heldur áfram – landsmenn standa með okkur

Kolbeinn vill koma því að undir lokin að hann hafi aldrei á 20 ára ferli sínum í verkalýðsbaráttu fundið fyrir jafnmiklum stuðningi úti í samfélaginu:

„Það er alltaf að koma til mín fólk, úti á götu og úti í búð, fólk sem ég þekki ekki neitt, og þakka okkur fyrir að standa í lappirnar í þessu máli. Það er bara ein ástæða fyrir því – fólk skynjar og skilur að við erum að taka slag sem snýst ekki bara um kjarabaráttu eða álverið sjálft heldur snýst um að verja það atvinnulandslag sem við þekkjum og viljum sem Íslendingar. Samstaðan er því ekki bara hjá starfsfólkinu í Straumsvík heldur í öllu samfélaginu,“ segir Kolbeinn að lokum.

## Verktakayfirlýsing verkalýðsfélaganna og álversins í Straumsvík

Undirritaðir aðilar, sem í dag hafa gert með sér samning um kaup og kjör, eru sammála um eftirfarandi: ISAL hefur rétt til að leita til verktaka á almennum markaði til þess að leysa af hendi ákveðin verkefni á sviði nýbygginga, nýsmíði, svo og meiri háttar endurnýjunar og breytingaframkvæmda, t.d. málningu mannvirkja o.þ.u.l.

Sé um að ræða störf á sérhæfðum sviðum, sem eru unnin af starfsmönnum og/eða umboðsmanni, skal ISAL heimilt að notfæra sér þá þjónustu. Sem dæmi má nefna: Klukkukerfi, ljósritunarvélur, skrifstofuvélur, þreprofar í afriðladeildum, símastrengir, háspennustrengir, tækjabúnaður tölvudeilda, ýmsir þættir byggingaviðhalds. Sömu reglur eiga við um önnur viðhaldsverkefni sem ekki teljast til daglegra viðfangsefna viðhaldsdeila ISAL og önnur fyrirtæki kunna að vera sérhæfðari til að sinna. ISAL mun láta aðaltrúnaðarmann fylgjast með, þegar slíkar framkvæmdir eru á döfinni.

Samningurinn stendur ekki í vegi fyrir því að samið sé við starfsmenn eða fyrirtæki þeirra um verktöku skv. verksamningi þar um. Þar skal þá jafnframt kveðið á um rétt starfsmanns til endurráðningar, komi til þess að vinnu skv. verksamningi ljúki án framlengingar.

Þegar ISAL lætur verktaka leysa af hendi verkefni á verksmiðjusvæðinu, sbr. ofangreint, er gengið út frá því að starfsmenn verktaka, sem vinna störf hliðstæð störfum starfsmanna ISAL og við hliðstæðar aðstæður, hafi sambærileg kjör að því er laun og öryggisbúnað varðar við starfsmenn ISA, og hafi tilskilin starfsréttindi. Þegar talað er um sambærileg laun, þá er átt við gildandi launataxta hjá ISAL, föst laun, ferðapeninga og umsamið lágmark bónuma. ISAL skal kynna verktökum ákvæði þessarar yfirlýsingar og hvetja til þess að hún sé haldin. Starfsmenn verktaka hlíti þá sömu reglum og starfsmenn ISAL um upphaf og lok vinnu, mætingastað og ferðagreiðslur. Samningur aðila stendur því ekki í vegi að verktakar, sem sinnt hafa verkefnum skv. 1. mgr. utan verksmiðjusvæðisins, framkvæmi þau á staðnum ef það þykir hentar betur og er við það miðað að flæði verkefna milli verktaka geti gengið beint á milli án tafa, þannig að framkvæmd eins verkþáttar taki við af öðrum. Ofangreint samkomulag um verktaka skal valda sem minnstri röskun á starfsemi viðhaldsdeila ISAL, enda miðar fyrirtækið að því að eigin starfsmenn sinni daglegum viðhalds- og viðgerðarverkefnum. Þá er því ekki ætlað að leiða til uppsagnar starfsmanna.

*F.h. hlutaðeigandi verkalýðsfélaga*

*F.h. Íslenska álfélagins hf.*

*Fyrst gert 31. desember 1972*

*Síðast breytt í júní 2001*

# 10 staðreyndir um deilu Rio Tinto og starfsfólksins í Straumsvík

## • Laun samkvæmt kjarasamningum og störf með fullum réttindum.

Starfsfólkið í Straumsvík hefur farið fram á sömu launahækkun og orðið hafa á almennum markaði á Íslandi. Þá vill starfsfólkið ekki að störfum lægstlaunaðasta fólksins verði breytt í verktakavinnu án allra réttinda. Enda væri það grundvallarbreyting á stöðu starfsfólksins í Straumsvík.

## • Lágir skattar, lágt orkuverð og nú lág laun líka?

Sátt um stóriðju á Íslandi með frestun skatta í fjárfestingarsamningum, undirverði á raforku (miðað við nágrannalöndin) og öðrum opinberum stuðningi, hefur ávallt byggst á því að í þessum verksmiðjum verði til örugg og vel launuð framtíðarstörf fyrir Íslendinga. Nú vill Rio Tinto losna undan grunnforsendu sáttar um stóriðju hér á landi, sem eru störfín.

## • Verða framtíðarstörf við stóriðju á Íslandi láglaunastörf? Hættulegt fordæmi í Straumsvík.

Búið er að tilkynna um allt að átta nýjar stóriðjur sem opna eiga á næstu þremur árum á Íslandi, bæði kísilver og aðrar verksmiðjur. Við þessa aðila hafa verið gerðir örlátir fjárfestingarsamningar um niðurfellingu skatta, fjárstuðning o.fl. Allt gegn því að með þeim komi vel launuð örugg störf fyrir Íslendinga. Ef Rio Tinto kemst upp með kröfur sínar í Straumsvík þá hefur verið skapað hættulegt fordæmi. Þá er hættu á að framtíðarstörf í stóriðju verði láglaunastörf.

## • Hvaða fólk er það sem er of dýrt á Íslandi, að mati hins alþjóðlega risafyrirtækis?

Rio Tinto vill að verktakar komi í staðinn fyrir fólk sem sinnir m.a. matreiðslu í mótuneyti álversins, hliðvörslu inn á athafnasvæðið, hafnarvinnu, þvottahúsi og viðhaldi ýmis konar. Alls er um að ræða 100 störf að mati verkalýðsfélaga starfsfólksins í Straumsvík.

## • Hvernig hefur Rio Tinto notað verktakaheimildir sínar hingað til á Íslandi?

Rio Tinto hefur verið með undirverktaka í verkefnum í Straumsvík að undanfögnu þar sem starfsmennirnir eru frá Rúmeníu og fá greitt undir lágmarkslaunum á Íslandi. Þetta viljum við ekki að verði daglegt brauð í verksmiðjum á Íslandi.

## • Fyrsta verkfallið í 45 ára sögu álversins.

Málflutningur Rio Tinto hefur verið sá að starfsfólkið í Straumsvík sýni af sér mikla óbilgírni. Staðreyndin er sú að þetta er fyrsta verkfallið sem starfsfólk álversins hefur boðað til í 45 ár, allt frá opnun álversins. Að hafa aldrei þurft að kljást við verkföll er einstök staða á Íslandi. Samningsvilji starfsfólks hefur sögulega alltaf verið mikill en nú vill fyrirtækið ekki semja.

## • Lítið greitt fyrir orkuna. Tekjur færðar annað til að forðast að borga skatta á Íslandi.

Rio Tinto, sem er ein stærsta fyrirtækjasamsteypa heims, hefur nýtt sér skattalegar aðferðir til að koma sér undan greiðslu tekjuskatts á Íslandi. Fyrri eigendur álversins gerðu slíkt hið sama. Þó að álverð sé nú lágt sem auðvitað kemur niður á rekstrinum þá hefur álverið í Straumsvík skilað gríðarlegum hagnaði í gegnum tíðina. Það er því hvorki við íslensk stjórnvöld eða starfsfólkið í Straumsvík að sakast ef lítið er til af peningum til að takast á við lægra álverð.

## • Kostnaðaraðhald og laun æðstu stjórnenda.

Forstjóri álversins er með 6,3 milljónir á mánuði í laun (tölur frá 2013) eða um 76 milljónir á ári. Fyrst það gengur illa hjá fyrirtækinu mætti kannski skoða að forstjórinn sé ekki með fimmtán til tuttuguföld laun almennra starfsmanna. Kannski er nóg að þau séu tífföld.

## • Bónusar fyrir að lækka kostnað á Íslandi.

Samkvæmt heimildum starfsfólks vinna rándýrir ráðgjafar fyrir Rio Tinto og fá þeir greitt fyrir að finna leiðir til að lækka kostnað á Íslandi jafn mikið og á láglaunsvæðum í fátækari löndum heims. Takist það fá yfirmenn Rio Tinto bónusa. Ekki er lengur nóg að hafa fengið raforkuna á útsöluverði.



## Ótrúverðug kröfugerð Rio Tinto.

Rio Tinto hefur sagt að það kosti 3-400 milljónir að setja kerin aftur í gang ef slökkt verður á þeim vegna verkfallsins. Hversu mikið getur fyrirtækið eiginlega ætlað að reyna að spara sér með því að breyta lægstlaunuðustu störfunum í Straumsvík í verktakastörf ef það er tilbúið að kosta þessu til? Getur verið að meginkrafa Rio Tinto sé yfirvarp?



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF



## Sjúkrasjóðurinn – öryggi og stuðningur fyrir alla félagsmenn

**Sjúkrasjóður Hlífar er mikilvægt og öflugt stuðningsverkfæri sem allir félagsmenn ættu að þekkja til hlítar, enda öðlast sjóðsfélagar viðtæk réttindi með reglubundnum iðgjaldagreiðslum til Hlífar. Samkvæmt Kolbeini Gunnarssyni, formanni Hlífar, aukast greiðslur úr sjóðnum með hverju árinu sem líður. Á síðasta ári voru greiddar í styrki og dagpeninga tæpar 65 miljónir króna og á árinu sem er að líða hafa verið greiddar 63 milljónir á fyrstu 11 mánuðum ársins.**

### Veikindi, slys og andlát

Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita sjóðsfélögum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Verkefni sjóðsins er auk þess að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna og verður sá þáttur sífellt mikilvægari.

Sjóðsfélagar teljast vera þeir sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins (eða fyrir þá hafa verið greidd iðgjöld).

### Alltaf ástæða til að minna á sjúkrasjóðinn

„Markmiðið er vitanlega að minnka líkurnar á því að krefjandi tímar í lífinu reynist félagsmönnum ofviða,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar. „Það er auðvitað komin áratugalöng reynsla á það hvers

félagsmenn þarfnast þegar áföll ríða yfir. Og þótt við getum ekki dekkjað allar hugsanlegar hliðar er staðreynd að þessi stuðningur skiptir fólki verulegu máli. Okkur til mikillar ánægju leita sífellt fleiri réttar síns eftir því sem árin líða, en það er alltaf ástæða til að minnast á sjúkrasjóðinn.“

### Allt að 180 daga veikindaréttur

Félagsmenn á almennum vinnumarkaði eiga rétt á allt að 180 daga greiðslu úr sjóðnum þegar þeir eru búnir með annan veikindarétt sinn. Starfsmenn hjá sveitarfélögum, ríkinu eða sjálfseignarstofnunum eiga rétt á allt að 90 daga greiðslu, en þetta stafar af því að veikindaréttur þeirra er almennt mun meiri en starfsmanna á almennum markaði.

Dagpeningarnir miðast við 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum áður en umsókn er lögð inn og til að öðlast rétt á greiðslum þarf sjóðsfélagi að hafa greitt 1% af launum sínum til sjóðsins í 6 mánuði. Vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna greiðir sjóðurinn dagpeninga í allt að 90 daga að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda og í jafn langan tíma vegna alvarlegra veikinda maka. Þá greiðir sjóðurinn útfarabætur við andlát sjóðsfélaga.

Greiðslur vegna fyrirbyggjandi aðgerða sífellt mikilvægari

Auk dagpeninga greiðir sjóðurinn kostnað vegna fyrirbyggjandi aðgerða sem snerta öryggi og heilsufar sjóðsfélaga. Hafi viðkomandi verið í þrjá mánuði í Hlíf fær hann greiddan kostnað vegna krabbameinsskoðunar og blöðruhálskirtillskoðunar. Til að öðlast rétt til annarra styrkja sem greiddir eru af sjóðnum þarf hann að hafa verið félagi í Hlíf í sex mánuði.

### Eftirtalin atriði eru styrkt af sjóðnum:

Framhaldsskoðun vegna krabbameins, ristilskimun, Hjartavernd (áhættumat), heilsurækt/líkamsrækt, heilbrigðis- og lífstílsráðgjöf hjá Vinnuvernd ehf., sjúkráþjálfun/ endurhæfing, kaup á gleraugum eða linsum, augnaðgerð með laser, heyrnartæki, dvöl á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi og/eða félags- og fjölskylduráðgjafa, SÁÁ og/eða MFM (matarfíknimeðferð), viðtalsmeðferð, tækni- og glasfrjóvgun í fyrsta skipti, lesblindugreining, göngugreining, námskeið til að hætta að reykja, ættleiðing erlendis frá og CPAP-svefngrímur.

### Allar upplýsingar er að finna á netinu

Nánari upplýsingar um Sjúkrasjóð Hlífar er að finna á heimasíðu félagsins á slóðinni <http://hlif.is/sjukrasjodur>.



## Gunnar Helga & Mamma klikk

Eftir langan og farsælan feril sem leikari hefur Hafnfirðingurinn Gunnar Helgason látið ærlega til sín taka á ritvellingum undanfarin ár. Bækur hans um fótboltakappann Jón Jónsson hafa selst frábærlega og hlotið einróma lof gagnrýnenda – og ekki síður lesenda, bæði stráka og stelpna.

En nú fyrir jólin gefur Gunnar út annars konar verk, bókina Mamma klikk. Sannarlega óvenjulegur titill þar á ferð og til að kitla forvitni lesenda enn frekar birtum við hér stuttan kafla úr þessari nýju bók. Aðalsöguhetjan heitir Stella, hún er 12 ára og mamma hennar ... tja, hvað er eiginlega málið með mömmu hennar?

### KAFLI ÚR BÓKINN:

„Síminn til þín,“ kallaði Sigggi glaður um leið og hann ruddist inn til mín. „Það eð Blæð!“ Sigggi elskaði Blæ. Eins og allir aðrir á heimilinu. Ég elskaði hann líka. En bara sem vin, sko. Hann var frábær gaur. En ég nennti bara alls ekki að tala við hann núna. Það var örugglega hann sem hafði hringt í símann minn áðan og nú var hann búinn að hringja í heimasímann. Ég gerði alls konar handapat og grettur til að láta Sigga fatta að ég vildi ekki tala við Blæ. Sigggi stóð bara og glápti á mig og virtist ekki skilja neitt.

„Hva-að?“ hvíslaði hann og virtist til í að hjálpa mér.

„Segðu honum að ég sé ekki heima,“ hvíslaði ég svo lágt að ég heyrði það varla sjálf.

„Ókei!“ hvíslaði Sigggi og ætlaði að fara að tala við Blæ en hætti við og hvíslaði: „Hvað eðtu þá?“

„Bara ... úti í garði ...“

„Ókei,“ hvíslaði Sigggi á móti. Svo setti hann símann upp að eyranu og sagði óeðlilega hátt: „Hún eð úti í gaðði!“

Ég skipti um skoðun þegar ég fattaði að Sigggi gat alveg farið með símann út í garð: „Nei, ég er á æfingu ...“

„Nei, hún eð á æfingu,“ sagði Sigggi samviskusamlega.

„Nei, ekki á æfingu. Ég er hætt í frjálsum, það er líka sunnudagur,“ hvíslaði ég æst.

„Nei, hún eð ekki á æfingu því að hún eð hætt í fðjálsum af því að það eð sunnudagurð,“ tilkynnti Sigggi yfirvegaður.

„Oh ... segðu bara ... oh ...“

„Heyðdu Blæð, bíddu aðeins. Stella eð að hugsa hvað ég á að segja næst.“



## Konur eru svo að segja á hverju strái

### Af hverju Hafnarfjörður?

„Ég ólst upp í Laugardalnum frá tíu ára aldri og þar var alveg frábært að vera, en nú hef ég samt búið helming ævi minnar í Hafnarfirði eða í 25 ár. Ástæðan fyrir því að við Björk enduðum hér var sú að hún var ólétt og það var langhagstæðast að kaupa á þessum tíma í Hafnarfirðinum. Stuðningsnetið hennar var líka hér á staðnum, stórfjölskyldan, og það skipti máli líka.“

### Ertu búinn með stóru fótboltasöguna?

„Tja, maður á aldrei að segja aldrei, en ég kláraði alveg sögupráðið sem ég skrifaði upprunalega fyrir Jón Jónsson og Ívar. Og núna langaði mig að skrifa um eitthvað allt annað.“

### Um 12 ára stelpu, ekki satt?

„Jú, um Stellu og mömmu hennar. Þetta eru í raun sögur af mörgum mömmum (en alls ekki um mína mömmu)! Bara ýmislegt sem ég hef heyrt og munað og svo setti ég allt í dramatískan búning með hliðarsögu; auðvitað er myndin í fyrirrúmi en undirtóninn er samt alvarlegur. Og líka leyndarmálið í bókinni, en við segjum ekkert frá því hér ...“

### Hvernig var að skrifa frá sjónarhóli stelpu?

„Mjög skemmtilegt en krafðist mikilla þælinga og upprifjana á samtölum við hinar og þessar konur. Sumir voru hissa hvað söguhetjan hún Stella er sannfærandi – af því að ég er karl! En fyrir mér er þetta ekkert svo flókið, konur eru jú svo að segja á hverju strái, þær eru ansi hreint margar og ef maður bara hlustar af athygli þá lærir maður ýmislegt um þær! Svo gat ég líka beðið um staðfestingu frá konunni minni, ef ég var í vafa!“





# Átt þú réttindi í Gildi- lífeyrissjóði?

## Lífeyrissparnaður er dýrmæt eign

Það er skynsamlegt og nauðsynlegt að spara og mikilvægt að átta sig á því að fjármálin fylgja okkur alla ævi. Því er nauðsynlegt að tala opinskátt við unglunga um sparnað og kenna þeim að meta gildi sparnaðar og þá ekki síst lífeyris- og séreignarsparnaðar áður en farið er út á vinnumarkaðinn í fyrsta skipti.

Það að verða gamall er gangur lífsins og þá kemur að því að hver og einn þarf að huga að rétti sínum til eftirlauna. Almennur eftirlaunaaldur er 67 ár, en þar sem meðalævilengd á Vesturlöndum hefur lengst mikið á undanförunum árum, hefur það færst í vöxt að einstaklingar vinni lengur og fresti töku lífeyris. Mikilvægt er að þekkja rétt sinn og því er mikilvægt að kynna sér hver réttindin eru.

Algengt er að hver og einn eigi lífeyrisréttindi í fleiri en einum sjóði en ekki hefur hingað til verið auðvelt að hafa yfirsýn yfir öll réttindin á einum stað. Lífeyrisgáttin hefur opnað sjóðfélögum greiðan aðgang að upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi sín í öllum samtryggingarsjóðum sem iðgjöld hafa verið greidd í. Lífeyrisgáttina er að finna á heimasíðu Gildis-lífeyrissjóðs í gegnum sjóðfélagavefinn.

## Sjóðfélagalán

Allir sjóðfélagar sem greitt hafa í samtryggingar- eða séreignarsjóð Gildis eiga rétt á láni frá sjóðnum gegn veði í eigin eign.

Gildi-lífeyrissjóður býður sjóðfélögum sínum nú lægstu föstu verðtryggðu vextina á húsnæðislánum frá upphafi eða 3,55%. Breytilegir vextir á verðtryggðum lánum sjóðsins eru nú frá 3,20% og á óverðtryggðum

lánum frá 6,75%. Vextirnir eru með þeim lægstu sem í boði eru á húsnæðislánamarkaðnum í dag.

Sjóðfélagar Gildis njóta töluverðs sveigjanleika við töku húsnæðislána hjá sjóðnum. Hægt er að velja á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána, fastra og breytilegra vaxta. Lánstími er allt að 40 árum og veðhlutfall allt að 75%. Lántökugjaldið er 0,5% af lánsupphæð.

Markmið Gildis með lánunum er að vera bakhjarl sjóðfélaga sinna í þeirri mikilvægu fjárfestingu sem kaup á húsnæði er. Einnig eru sjóðfélagalán traustur fjárfestingarkostur fyrir Gildi og veitir áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins.

## Séreignarsparnaður

Það er öllum frjálst að ákveða hvort þeir greiða í séreignarsparnað. Allir ættu þó að nýta sér þennan sparnaðarkost og þá sérstaklega vegna mótframlags vinnuveitanda sem annars fæst ekki. Enginn ætti að missa af þeirri launahækkun sem felst í mótframlaginu. Framlag launþega getur að hámarki verið 4% af launum og mótframlag launagreiðanda er 2% samkvæmt flestum kjarasamningum. Framlag launþega er dregið af launum áður en tekjuskattur er reiknaður og því lækka útborguð laun um mun minna en sem nemur upphæðinni sem safnast inn á reikning. Tekjuskattur er greiddur þegar sparnaðurinn er leystur út og má hefja úttekt við 60 ára aldur.

## Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán - enn er hægt að sækja um.

Sá möguleiki að greiða séreignarsparnað

skattfrjálst inn á lán gerir sparnaðinn enn hagstæðari og í raun er hér um að ræða mjög gott tækifæri fyrir þá sem skulda húsnæðislán að greiða þau hraðar niður. Sjóðfélagar sem vilja nýta sér skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán verða að vera með samning um séreignarsparnað og vera virkir greiðendur í séreignarsjóð. Heimildin tók upphaflega gildi 1. júlí 2014 en þeir sem ekki hafa sótt um að nýta sér heimildina hingað til geta enn sótt um. Ný umsókn vegna greiðslu séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán gildir frá og með þeim mánuði sem umsóknin berst til sjóðsins.

Einstaklingum sem ekki eiga fasteign en vilja nýta séreignarsparnaðinn til öflunar íbúðarhúsnæðis er heimilt að taka út sparnaðinn skattfrjálst og nýta til fyrstu íbúðarkaupa. Frestur til að sækja um slíka úttekt er til 30. júní 2019, en gildir þó eingöngu fyrir greidd iðgjöld á launatímabilinu frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.

Hámarksfjárhæð á ári er kr. 500.000 fyrir einstaklinga en fyrir hjón og þá sem uppfylla skilyrði til samsköttunar er hámarkið kr. 750.000 á ári.

## Sótt er um ráðstöfunina á vefríkisskattstjóra, [www.leidretting.is](http://www.leidretting.is).

Ef eitthvað er óljóst og þarfnast nánari útskýringa varðandi lífeyrismálin, lánamál, séreignarsparnað eða hvað annað sem snýr að lífeyrissjóðnum þínum, ertu ávallt velkominn til okkar í Gildi-lífeyrissjóð, við tökum vel á móti þér. Einnig bendum við á upplýsingar á heimasíðu sjóðsins, [www.gildi.is](http://www.gildi.is).

# Hagstæð húsnæðislán til sjóðfélaga



Verðtryggð og óverðtryggð lán til allt að 40 ára

- ▶ Verðtryggðir vextir frá **3,20%**
- ▶ Óverðtryggðir vextir frá **6,75%**
- ▶ Veðhlutfall allt að **75%**
- ▶ Lántökukostnaður aðeins **0,5%**

Ekkert uppgreiðslugjald – uppgreiðanleg hvenær sem er



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • [www.gildi.is](http://www.gildi.is) - [gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is)



## Samningaárið mikla

Frá undirritun samninga við SORPU þann 11.12. 2015

Það hefur ekki farið framhjá neinum að árið 2015 hafa verið miklar hræringar á almennum vinnumarkaði. Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, hefur staðið í ströngu á árinu ásamt starfsfólki og þeim fjölmörgu einstaklingum sem koma með beinum hætti að kjarabaráttunni.

„Allt þetta ár hefur farið í að byggja upp samninga á almennum vinnumarkaði og gera svo samninga við ríkið og sveitarfélög í kjölfarið“. Í öllu ferlinu á árinu höfum við horft á það út frá sömu forsendum. Í raun byrjaði þessi vegferð fyrr á þessu ári þegar við í Flóabandalaginu, Verkalýðsfélagið Hlíf, Efling – stéttarfélag, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Stéttarfélag Vesturlands og VR, lokuðum okkur af í rúma þrjá daga yfir hvítasunnuna ásamt viðsemjanda okkar, Samtökum atvinnulífsins. Dagana áður hafði stefnt í óefni, allt var komið í hnút og stefndi í verkföll. Markmiðið okkar og leiðarljós

var að búa til ramma til að geta farið í þessar samningaviðræður og klárað þær – til að geta haldið fyrirtækjum gangandi og komið í veg fyrir óðaverðbólgu. Hugsunin var sú að byggja frekar inn í framtíðina, ná fram kaupmáttaraukningu í samstarfi við ríkisstjórnina og semja um minni launahækkunar í staðinn.“

### Nýjungin fólst í SALEK

Kolbeinn lýsir því að í þessari vinnu hafi verið stuðst við svokallaða SALEK-hugmyndafræði, en hún er nýmæli í kjarasamningagerð hér á landi. Eins og kemur fram í ágætri samantekt á heimasíðu ASÍ byggir SALEK á heildarúttekt „BSRB, KÍ, BHM, ASÍ, SA og samninganefnda ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins“ (sjá nánar á: <http://www.asi.is/media/243038/Spurt-og-svarad-um-SALEK-GA.pdf>). Þetta er því tilraun aðila vinnumarkaðarins til að gera

heildarumhverfið heilbrigðara og skilvirka til langframa. Aðferðafræðin hefur þó verið gagnrýnd sumpart, en annars staðar í Hjalmi er fjallað nánar um SALEK.

### Yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar veigamiklar

„Við gerðum þarna um hvítasunnuna ansi flókið langtímasamkomulag við stjórnvöld, sem náðist ekki síst fram vegna yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar, m.a. um að lækka milliprep skattkerfisins, að byggja 2300 félagslegar íbúðir árin 2016-2019 og svo var líka rætt um að lækka tryggingargjaldið snemma á næsta ári.“

Umrætt tryggingargjald er nú aftur komið í fréttirnar. Fram hefur komið mikil tregða hjá ríkisstjórninni um að standa við fyrirhugaða lækkun og raunar hefur Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra þegar lýst því yfir það komi ekki til greina. Í viðtali við Ríkisútvarpið þann 5. desember lýsir Bjarni því á mjög afdráttarlausan hátt að vandamálið sé ekki tryggingargjaldið



ENJO á Íslandi ehf  
Reykjavíkurvegi 64—sími 555 1515  
[www.enjo.is](http://www.enjo.is)



heldur hafi atvinnurekendur einfaldlega samið um of háar launahækkanir til næstu ára – að þær séu meginvandinn. Það er hins vegar mat Kolbeins og fleiri verkalýðsfrömuða að þetta jafngildi einfaldlega samningsrofi sem leiða muni til verkfalla snemma á næsta ári.

„Menn óttast að ríkisstjórnin ætli ekki að standa við sitt. Tryggingargjaldið var hækkað mikið eftir hrunið vegna aukins atvinnuleysis, enda stendur það undir atvinnuleysisbótum að mestu leyti. Það er 7,5% í dag en samkvæmt samkomulaginu átti það að fara niður í 3,5%. Lækkun tryggingagjaldsins var í raun það sem átti að gera atvinnurekendum kleift að standa straum af hækkuðum launum í kjarasamningum. Þetta er því einfaldlega risastórt mál. Þá eru samningarnir einfaldlega úti.“

Þann 27. nóvember bárust viðbrögð frá Þorsteini Víglundssyni, framkvæmdastjóra SA, þar sem hann sagði meðal annars í pistli á heimasíðu SA: „Engin áform eru um að lækka tryggingargjaldið árið 2016 þrátt fyrir að atvinnuleysi sé hverfandi. Það hefur verið 3% síðustu 12 mánuði og fer enn minnkandi, en tryggingargjaldið er svipað og þegar atvinnuleysi var 8-9% á árunum 2009-2010. Árlegt gjald er um 20-25 milljörðum króna



Undirritun samninga við Samband íslenskra sveitafélaga

berlega í ljós. Það væri grátlegt því sumpart hafa stjórnvöld staðið við sitt. T.d. náðum við fram 32% hækkun á lægstu töxtum vegna þess að lækka átti milliprep skatta, sem var og gert. Til að jafna kjörin almennt fengum við líka fram svokallaða launaþróunartryggingu en þannig fengu þeir sem eru með 300.000 kr. í laun samtals 7,2% hækkun en starfsmenn á hæstu töxtum með yfir 750.000 kr. í laun fengu 3,2% hækkun. Hækkunin var því stíglækkandi í jöfnum skrefum eftir því sem launin voru hærri.“

fara of hægt af stað. Okkar fólk hefur almennt ekki tök á að kaupa íbúð og er því oft fast á grimmilegum leigumarkaði. Eins og staðan er núna blasir við að verð muni ekki gera neitt annað en að hækka enn frekar.“

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar síðan í lok maí var ítarleg og í 11 liðum. Fyrir utan það sem þegar hefur verið nefnt kom í yfirlýsingunni fram að stofna ætti þjóðhagsráð til að auka samstarf við aðila vinnumarkaðarins og einnig að auðvelda ætti fólk að kaupa sína fyrstu íbúð. Hugmyndin var sú að einstaklingar sem gætu sparað tiltekið hámarkshlutfall af tekjum sínum í tiltekinn tíma fengju heimild til að nota þann sparnað og séreignarsparnaðinn upp í fyrstu íbúðarkaup.

„Maður skilur eiginlega ekki af hverju yfirvöld og bankarnir gera ekki meira í þessu – að lána fólk aukalega upp í sína fyrstu íbúð. Það yrði til svo augljósra hagsbóta fyrir alla og myndi aflétta mikilli spennu af ýmsum þáttum í kerfinu, t.a.m. leigumarkaðnum. Kannski óttast menn verðbóluskot, það getur verið. En eitthvað þarf að gera. Í yfirlýsingunni var líka talað um að hækka húsaleigubætur, sem virðist líka ætla að gerast hægt.“



Kynningarfundur Flóabandalagsins vegna samnings 29.05.2015

hærra en það ætti að vera miðað við stöðuna á vinnumarkaði.“

Fleiri hafa lýst yfir áhyggjum sínum vegna málsins. Þrjú hundruð atvinnurekendur skoruðu á stjórnvöld í blaðaauglýsingu að lækka tryggingargjaldið og bæði forseti ASÍ og formaður VR létu hafa eftir sér í fréttum þann 5. desember að ef þetta yrði raunin kæmi til verkfalla – og jafnvel enn harðari en á þessu ári.

## Í febrúar kemur allt í ljós

„Það er í febrúar sem allir eiga að hafa lokið sínum samningum og þá kemur staðan

## Hæg skref á húsnæðismarkaðinum

„Annað sem hafði jákvæð áhrif á samningana í vor hafði með yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að gera hvað varðar húsnæðismarkaðinn. Þetta var eiginlega stærsta loforðið, að byggja 2300 félagslegar íbúðir á árunum 2016-2019, og aflétta þannig þeirri miklu spennu sem ríkir á fasteignamarkaði með bæði háu fasteignaverði og ofurleigu. Markmiðið var að skapa tekjulægstu hópunum möguleika á öruggri og sanngjarnri leigu. Þessi vinna er vissulega farin af stað, en okkur finnst hún samt

## Erfitt en gjöfult ár

„Þetta ár hefur jú verið strembið og lítið farið fyrir annarri starfsemi hjá okkur en þeirri sem snýr að almennri kjarabaráttu og svo flókinni stöðu í Straumsvík. Nú koma jólagjafir og áramót, en fljótlega á nýju ári kemur í ljós hvort við tekur önnur samningahrína og verkföll. Því að eins og menn muna þá sömdum við með svonefndu forsenduákvæði. Það þýðir einfaldlega að ef aðrir fá meira en við þá fáum við meira. Þetta er slagur sem við gætum þurft að taka – þótt að auðvitað vonist ég til að ekki komi til þess,“ segir Kolbeinn að lokum.

# Orlofshús Hlífar

Það hefur færst mikið í aukana að félagsmenn Hlífar skreppi um helgar að vetri til í orlofshús félagsins, en félagið á nú níu orlofshús og þrjár orlofsíbúðir. Þannig hefur verið nær 100% nýting á húsunum um helgar í vetur og oft þurft að vísa áhugasömum frá vegna þess. Félagmenn eru almennt hvattir til að hafa þetta í huga og panta tímanlega!

## Orlofsíbúðir sem geta hentað námsmönnum

Orlofsíbúðir Hlífar eru staðsettar að Furulundi á Akureyri og eru tvær þeirra leigðar námsfólki yfir veturinn. Rétt er að benda félagsmönnum á þennan möguleika ef þeir eða börn þeirra hyggja á nám norðan heiða.

## Níu orlofshús víða um land

Tvö orlofshúsa Hlífar eru í Vaðnesi í Grímsnesi, tvö í Ölfusborgum við Hveragerði, tvö í Munaðarnesi í Borgarfirði, eitt í Húsafelli og tvö í Stykkishólmi. Heitir pottar eru við öll húsin og einnig gasgrill, nema í Vaðnesi en þar eru hlaðin útigrill.

Orlofshúsin í Ölfusborgum eru í umsjón rekstrarfélags Ölfusborga

yfir vetrartímann, að undanskilinni páskavíkunni, og þurfa félagsmenn því að hringja í þjónustumiðstöð Ölfusborga í síma 483 4260 vilji þeir dvelja þar utan hefðbundins orlofstíma.

## Verð og skilmálar

Leiguverð á orlofshúsi er 20.000 krónur frá föstudegi til föstudags en helgarleiga frá föstudegi til sunnudags er 15.000 krónur. Sérstök afsláttarkjör eru veitt fyrir eldri borgara og öryrkja í miðri viku að vetri til. Dýrahald er bannað í öllum húsum félagsins. Skila á húsum vel ræstum og hreinum að dvöl lokinni.

## Afsláttarmiðar í Hvalfjarðargöngin

Félagmenn geta keypt afsláttarmiða

á skrifstofu Hlífar og kostar hver miði 500 krónur og sparast því 500 krónur í hverri ferð. Ekki er hægt að kaupa fleiri en 6 miða í einu. Ef keypt er stök ferð hjá Speli kostar hún 1.000 krónur.



## MUNAÐARNES, BORGARFIRÐI

### Kolás 12

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem þó nokkrir geta sofð. Sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Gestum ber að koma með rúmföt.



## ÖLFUSBORGIR

### Hús númer 17 og 35

Svefnaðstaða er fyrir 6 manns og eru sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt, en bent skal á að hægt er að fá leigð rúmföt í þjónustumiðstöð.

Í húsunum er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 8 manns, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill er við húsin og heitur pottur.

Húsin hafa verið stækkuð með garðskála sem er góð viðbót.

Stutt er í sund og verslanir í Hveragerði og á Selfossi.

Afhending lykla er í þjónustumiðstöð Ölfusborgar föstudaga frá 15:00 - 20:30. Sími 483 4260.

Yfirgefa þarf húsin á brottfaradegi eigi síðar en kl. 12:00.

Í húsinu er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Lítilt ísskápur er í húsinu eins og er. Einnig er barnarúm og barnastóll í húsinu og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill.



Lykill afhendist á skrifstofu Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.



## MUNAÐARNES, BORGARFIRÐI

### Kolás 12 A

Nýjasta orlofshúsið var fullgert fyrir



sumarið 2010. Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Gestum ber að koma með rúmföt. Í húsinu er sjónvarp, geislaspilari og DVD-spilari, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Einnig er barnarúm og barnastóll í húsinu og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill. Lykill afhendist á skrifstofu Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.



## AKUREYRI

### Furulundur 10N, 10R og 8C

3ja herb. íbúð með svefnaðstöðu fyrir fjóra, ásamt sængum og koddum fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt en bent er á að hægt er að fá rúmföt leigð hjá Securitas. Íbúðin nr. 8C er á annarri hæð með þvottavél í baðherbergi. Íbúðirnar nr. 10R og 10N eru á jarðhæð með verönd og hægt er að ganga beint út í garð. Þvottavél



## VAÐNES

### Kjarrbraut 8 og 10

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns og sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.



Í húsunum er sjónvarp, dvd-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Hlaðið kolagrill er við húsin og heitur pottur. Lykill afhendist á skrifstofu Vlf. Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni. Hús númer 8 er með aðgengi fyrir hjólastóla.



er í sameign. Barnarúm er í öllum íbúðunum, geymd í geymslu eða í íbúðunum, auk þess eru ferðarúm í hverri íbúð. Í íbúðunum er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, eldavél og örbylgjuofn. Kolagrill er á svölum eða í geymslu. Umsjón með íbúðunum hefur Securitas-Akureyri ehf. Tryggvabraut 10. Sími 460 6261. Lykill afhendist þar og skilist þangað að lokinni dvöl.



## HÚSAFELL

### Stórarjóðri 8

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns og sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsinu er sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Hlaðið kolagrill er við húsið og heitur pottur.

Lykill afhendist á skrifstofu Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.

### Húsafell býður upp á:

Sundlaug með heitum pottum, 9 holu mínigolfvöll. Veðiðleyfi. Ath. greiða þarf sér fyrir afnot. Verslun er á staðnum. Stutt er í Reykholt.



## STYKKISHÓLMUR

### Borgarhlíð 2 og 4

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í tveimur herbergjum.

Sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Gestum ber að koma með rúmföt utan um sængur og koda og lök yfir dýnur.

Í húsinu er sjónvarp, hljómtæki með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn o.fl. Barnarúm og barnastóll í húsinu. Bækur og spil til afþreyingar.

Heitur pottur er við húsið og gasgrill.

Lykill afhendist á skrifstofu Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.

# Árangursrík starfsendurhæfing er arðbær fjárfesting



VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir landsmanna í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins að VIRK. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

Um sjóðinn gilda lög 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsendurhæfingarsjóði. Samkvæmt lögnum eiga þeir einstaklingar rétt á þjónustu VIRK sem ekki geta sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsuþrests, eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði. Einstaklingur sem óskar eftir þjónustu VIRK þarf að byrja á að panta tíma hjá sínum lækni og óska eftir beiðni um starfsendurhæfingu og lækniinn sendir síðan beiðnina til VIRK.

## Markviss og einstaklingsmiðuð þjónusta

Tilgangur þjónustunnar hjá VIRK er að aðstoða fólk við að komast aftur til vinnu. Aðstæður þeirra einstaklinga sem óska eftir þjónustu eru misjafnar og kalla á að útbúin sé starfsendurhæfingarætlan sem er sniðin að þörfum hvers og eins. Í framhaldinu býðst markviss ráðgjöf og þjónusta á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.

VIRK vinnur að starfsendurhæfingunni í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu

og stofnanir velferðarkerfisins. Ávallt er lögð áhersla á að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins og auka þar með líkurnar á því að starfsendurhæfing einstaklingsins skili árangri.

## Þjónusta um allt land

Þjónusta VIRK er fyrir hendi á öllum helstu þéttbýlistöðum landsins, hún er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu kostnaðarlaus. Á vegum VIRK starfa nú 48 sérhæfðir ráðgjafar í starfsendurhæfingu sem eru staðsettir hjá stéttarfélögum. Fjöldi annarra sérfræðinga kemur að starfinu auk ráðgjafanna og hefur VIRK gert samninga við fjölda fagaðila um viðeigandi þjónustu fyrir einstaklinga.

Um 9200 einstaklingar hafa leitað til VIRK frá upphafi og þegar þetta er skrifað þiggja u.þ.b. 1900 einstaklingar þjónustu hjá VIRK.




Í þjónustukönnunum eru einstaklingar sem lokið hafa starfsendurhæfingarpjónustu á vegum VIRK undantekningarlítið mjög ánægðir og telja þjónustuna hafa aukið bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK – bæði fjárhagslegur og samfélagslegur – er mjög mikill þar sem starfsemin hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga inn í virka þátttöku á vinnumarkaði. Um 70% þeirra rúmlega 5000 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e.a.s. í vinnu, í atvinnuleit eða í lánshæfu námi.

## Mikill árangur og ávinningur

Talnakönnun hf. reiknaði út ávinninginn af starfi VIRK á árinu 2014 en áður lágu fyrir útreikningar á ávinningi starfseminnar á árinu 2013. Niðurstaða Talnakönnunar er sú að ávinningur starfseminnar hafi verið um 11,2 milljarðar króna árið 2014 samanborið við 9,7 milljarða árið 2013.

Ábatinn af starfsemi VIRK skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta leggst svo bættur hagur einstaklinga, bæði



Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri – 65% konur og 35% karlar – með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum. Að jafnaði leita um 35 nýir einstaklingar til VIRK í hverri viku og allt stefnir í jafnmarga nýskráða einstaklinga í þjónustu árið 2015 og raunin var árið 2014.

fjárhagslegur hagur en ekki síst þau lífsgæði sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu. Ljóst er að árangursrík starfsendurhæfingarpjónusta eins og VIRK innir af hendi er ein af allra arðbærustu fjárfestingum í okkar samfélagi, auk þess sem hún styrkir einstaklinga og stuðlar að öflugra samfélagi og aukinni velferð.



Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem starfsemin hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga inn í virka þátttöku á vinnumarkaði. 70% einstaklinga sem lokið hafa þjónustu eru virkir á vinnumarkaði við útskrift – annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi.

**VIRK**  
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



# Þrettán tíma vinnudagur!



Það getur verið fróðlegt að glugga í gömul fundagögn hjá Hlíf og með því fræðist maður um það hversu langan veg við erum komin í verkalyðsbaráttunni. Vissir þú t.d. að árið 1907 var samið um að lögbundin dagvinna væri 13 klukkustundir dag hvern? Það er auðvitað mjög langur vinnudagur í samanburði við stöðuna í dag, en til að allrar sanngirni sé gætt áttu verkamenn líka að fá tvo klukkustundarlanga matartíma yfir þennan langa vinnudag, eins og hér segir:

„Almennur vinnudagur í verkmanafélaginu Hlíf er frá kl. 6 á morgnana til kl. 7 að kveldi. Vinna á öðrum tímum sólarhringsins skal talin sem eftirvinna. Af hinum almenna vinnutíma skal taka tvær klukkustundir til máltíða (að morgni og um miðjan dag) nema sérstök nauðsyn mæli

með því að út af sé brugðið.“

Það hljómar vel að fá tvær klukkustundir í matartíma, en svo er hægt að velta því fyrir sér hversu vel hefur verið farið eftir þessu ákvæði. Niðurlagið býður t.a.m. upp á heilmikla túlkun ... væntanlega af hálfu vinnuveitenda.

Athygli vekur líka að í dagvinnukaupinu voru í raun þrjár taxtar fyrir karlmennt eldri en 18 ára. Taxtinn hljóðaði upp á 20 aura á klukkustund í nóvember-febrúar, 25 aura í mars, apríl, september og október og heila 30 aura í maí, júní, júlí og ágúst.

Og hvað með launamun kynjanna sem samfélagið er enn að berjast við að útrýma? Hann er ekki nýtt fyrirbæri eins og kemur skýrt fram í gömlum gögnum:

„Almenn laun kvenfólks eldra en 18 ára í algengri

daglaunavinnu skulu aldrei vera lægri en 15 aurar um klukkustund hverja á tímabilinu frá 1. okt til 30. apríl, en frá 1. maí til 30. september 18 aurar um klukkustund.“

Eins og þarna sést náði hæsti taxti kvenna ekki einu sinni upp í lægsta taxta karla.

Sagan segir okkur vissulega hversu langt við erum komin í kjarabaráttunni. Það er af sem áður var að verkafólk var nánast eign sinna húsbænda og yfirmanna. En samt er það þannig að ef ekki er staðinn vörður um það sem áunnist hefur þá er afturför alltaf möguleg. Þetta er gott að hafa í huga í amstri dagsins og sérstaklega brýnt þegar mikið álag er í verkalyðsbaráttunni!

Heimild: Afmælisritið Hlíf 100 ára.

Stofnað 1983

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA  
Sími 520 7500

- Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
- Frejya Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
- Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
- Helgi Jón Harðarson sölustjóri
- Hilmar Þór Bryde sölumaður
- Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
- Hlynur Halldórsson sölumaður
- Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

## Norðurbakki 7-9 – Hafnarfjörður – Nýjar íbúðir



- Nýkomnar í einkasölu
- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir
- Stærðir frá 72-165 fm.
- Rúmgóð sérstæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð
- Lyftuhús
- Afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum
- Byggingaraðili VHE
- Frábær staðsetning
- Afhending desember 2015 - maí 2016



Allar nánari upplýsingar á [hraunhamar.is](http://hraunhamar.is)


Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

# ÓKEYPIS

## CURIO + Time

### STIMPILKLUKKA FYRIR SPJALDTÖLVUR, SÍMA OG TÖLVUR FRÍTT FYRIR ALLT AÐ 10 STARFSMENN

- ✓ EINFALT AÐ SKRÁ SIG INN OG ÚT
- ✓ MÆTTIR STARFSMENN ERU SÝNILEGIR Í BAKGRUNN.
- ✓ STARFSMENN HAFA GÓÐA YFIRSÝN YFIR TÍMASKRÁNINGU
- ✓ STJÓRNANDI HEFUR HEILDARYFIRSÝN
- ✓ TÍMASPJALD ER HÆGT AÐ VISTA SEM PDF. SKÝRSLUR
- ✓ HÆGT AÐ ENDURSKRIFA SKRÁDA TÍMA MED RAUDUM LIT
- ✓ HÆGT ER AÐ BREYTA LAUNATÍMABILI TÍMAKORTS
- ✓ ADEINS ÞARF AÐ NOTA BROWSER FYRIR AÐGANG
- ✓ ENGIN TÆKNIÞEKING NAUÐSYNLEG
- ✓ HÆGT AÐ TAKMARKA VIÐ EINA EDA FLEIRI IP TÖLU



## ÓKEYPIS ÁSKRIFT Á VEFSÍÐU OKKAR CURIO TIME.COM

CURIO TIME ER EINFÖLD STIMPILKLUKKA SEM LEYFIR NOTENDUM AÐ SKRÁ SIG INN Á EINNI TÖLVU EDA Á MÖRGUM MISMUNANDI STÖÐUM. STARFSMANNASTJÓRAR OG STARFSMENN HAFA GÓÐA YFIRSÝN YFIR TÍMASKRÁNINGU.

CURIO TIME.COM | CURIOOFFICE.COM | KREATIV.IS

# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



# Fræðslu- styrkir geta numið allt að 75.000 kr.

Hlífarfélagar geta sótt um endurgreiðslu kostnaðar hjá fræðslusjóðum félagsins á námi og námskeiðum sem þeir sækja.

Fræðslustyrkir Hlífar geta nú numið allt að 75.000 kr. að hámarki á ári eða 75% af kostnaði. Hafi félagsmaður greitt samfellt í 3 ár og ekki nýtt sér rétt sinn til fræðslustyrks gæti upphæðin numið allt að 225.000 kr. eða samkvæmt nánari reglum starfsmenntasjóðanna. Reglurnar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í samfellt 6 mánuði þegar sótt er um styrk og sé félagi þegar nám eða námskeið hefst. Greitt er hlutfallslega ef um hlutastörf er að ræða.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á skrifstofu Hlífar og á heimasíðunni [www.hlif.is](http://www.hlif.is), skila inn frumriti reiknings fyrir greiðslu á námskeiði fyrir 20. hvers mánaðar. Styrkir eru greiddir út mánaðarlega.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF

## Allt viðhald fasteigna

## TRÉSMÍÐJAN OKKAR EHF.

Reykjavíkurvegi 64,  
Hafnarfirði, s.894 4025

## Bestu kveðjur til félagsmanna Hlífar



Skoðaðu mismunandi  
útfærslur á heimasíðunni okkar,  
[veislulist.is](http://veislulist.is)

## ER VEISLA FRAMUNDAN?



## Alhliða veislupjónusta fyrir hvers kyns viðburði.

Stórar og smáar veislur, smurbrauð, kaffisnuttur, tertur, pinnamatur, tapas, erfidrykkjur ofl.

Fagmannleg og fjölbreytt **veislupjónusta** með áratuga reynslu.

Við val á veitingum þarf að hafa í huga á hvaða tíma dags móttakan er og hversu lengi hún á að standa.

Við gerum veisluna þína enn glæsilegri, allt frá konfektmola upp í fullbúna veislu.



**Hafðu samband og fáðu ráð**  
Veislur eru okkar sérgrein.



Hólshraun 3 · 220 Hafnarjörður · Símar 555-1810, 565-1810 · Fax: 565-2367 · [veislulist@veislulist.is](mailto:veislulist@veislulist.is) · [www.veislulist.is](http://www.veislulist.is)


*Veislulist*



## Kraftmikil gaflaramenning

Mikið líf hefur verið í Gaflaraleikhúsinu undanfarin ár og þar hefur að nokkrum hluta verið lögð áhersla á ný og íslensk verk, gjarnan eftir ungt fólk og jafnvel unglinga. Í fyrra vakti mikla athygli leikritið Heili, hjarta, typpi, en þar var skyggst á gráglettinn hátt inn í veruleika ungra karlanna.

Leikritið Unglingurinn var einnig sýnt í fyrra við góðar undirtektir en þar var fengist við ýmsar hliðar á veruleika ungra drengja í samskiptum við hitt kynið. Efni þeirrar sýningar á sér áhugavert framhaldslíf þessa dagana, en höfundar hennar, Hafnfríðingarnir Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson, tóku upp samstarf með hafnfirska höfundinum Bryndísi Björgvinsdóttur og skrifuðu bókina Leitinn að tilgangi unglingsins sem kemur út nú fyrir jólin. Eins og til að svara kalli drengjanna frá í fyrra var svo á fjölnum á þessu ári sýningin Konubörn. Sýningar hófust í janúar og voru viðtökur svo góðar að aukasýningar stóðu fram til loka nóvember. Í leikritinu Konubörn var að sama



skapi fjallað um veruleika ungrar rómantikur og veruleika en í þetta skiptið út frá sex ungum stúlkum. Þetta voru upprennandi leikkonur sem víla lítið fyrir sér – þær höfðu allar komist inn í lokahóp í inntökuprófum hjá leiklistardeild LHÍ en komust ekki í gegnum lokaúrtakið. Eftir þá lífsreynslu ákváðu þær að láta til sín taka og bjuggu til sýninguna í samstarfi við Björk Jakobsdóttur, leikstjóra.

Ebba Katrín Finnsdóttir, ein sexmenninganna, situr fyrir svörum. Ebba er 23 ára og eftir að hafa lokið grunnskólanámi í Setbergsskóla kláraði hún stúdentspróf í Verzlunarskóla Íslands.

### Reiknað í tvö ár

„Ég byrjaði í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands og reiknaði og reiknaði í tvö ár þangað til ég flutti mig í haust yfir í Listháskóla Íslands þar sem

ég stunda núna nám á leikarabraut. Ég vinn líka í Borgarleikhúsinu á baksviðinu við hin ýmsu störf, ég sé t.d. um búninga á sýningum, aðstoða með leikmuni, aðstoða á æfingatímabilinum eða er svokallaður sviðsmaður. Ég er búin að

vera þar síðan í menntaskóla og sé ekki fram á að hætta að vinna í leikhúsinu í bráð.“

### Ekki tímafrekt að kynna sér réttindi sín

Aðspurð segist Ebba hafa unnið síðustu tvö sumur sem flugfreyja hjá Icelandair, en þar áður hafði hún unnið í sumarbúðum og hjá knattspyrnskóla FH:

„Reynsla mín af verkalýðsmálum er í sjálfu sér lítil og varla meiri en sú að ég tek á móti launaseðlum mínum. Annars veit ég vel að þegar kemur að samskiptum ungs fólks við vinnuveitendur er mikilvægt að þekkja vel sín réttindi. Það tekur ekki langan tíma að kynna sér málin og getur skipt öllu máli þegar kemur að útborgun,“ segir Ebba.

### Spennandi samstarfsverkefni sex kvenna

Það er ekki hlaupið að því að skrifa leikrit, hvað þá í fjölmennum hópi. Auk Ebba stóðu þær Ásthildur Sigurðardóttir, Eygló Hilmarsdóttir, Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir, Þórey Birgisdóttir og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir að leikritinu.

„Leikritið var skrifað af okkur öllum sex. Við sem hópur vinnum ótrúlega vel saman og förum yfirleitt á flug þegar við hittumst og



deilum hugmyndum. Þar er allt látið flakka án ritskoðunar og svo vinnum við úr því sem kemur. Við erum líkar en samt svo ólíkar með mismunandi skoðanir og það gaf hópnum meiri breidd í ferlinu.

Ein okkar hafði skrifað og sett upp verk í Tjarnarbió en aðrar voru alveg óreyndar í leikritaskrifum. Við höfðum þó einhverjar verið í Morfís og sinnt félagsstörfum í menntaskóla og skrifað sketsa okkur til gamans. Efni sýningarinnar fjallar einna helst um tilveru ungra kvenna í nútímasamfélagi, komplexa, vangaveltur og kröfur og það er byggt á raunverulegum samtölum og upplifunum okkar. Þess vegna vorum við fljótar að komast á skrið þegar við byrjuðum að skrifa. Allt efni sem komst á blað var sett í pott og sýningin samanstóð svo af bestu sögunum."

### Hvernig kom Björk Jakobsdóttir inn í ferlið?

„Við stelpurnar vorum komnar með hugmynd og plötuðum Björk til að hitta okkur á fundi í Gaflaraleikhúsinu. Þar kynntum við

hugmyndina fyrir henni og hún tók okkur svona rosalega vel. Henni leist mjög vel á efnið en sendi okkur til baka og bað okkur um að breyta strúktúrnum og brjóta upp þessa hefðbundnu leikritauppbyggingu. Við fórum að hennar ráðum og hittum hana aftur nokkru síðar og þá var ekki aftur snúið. Samstarfið gekk eins og í sögu og við munum klárlega vinna með henni aftur þar sem hún smellpassar í þennan unga og hressa stelpnahóp!“

Ebba segir að margar senur komi til greina þegar hún þurfi að velja uppáhaldssenuna sína, en nefnir þó sérstaklega það sem hún kallar „túrgjörninginn“:

„Þessi hluti sýningarinnar varð til í miklum galsa og varð mjög krassandi. Það var allt rautt á sviðinu og við vorum allar rauðklæddar. Ein flutti feminískt ljóð á meðan hinar ýmist máluðu rautt eins og myndlistarmaðurinn Rothko, fæddu börn eða sýndu aðrar listir. Það skemmdi ekki fyrir að áhorfendur hlógu yfirleitt mjög mikið í þessari senu sem gerði hana enn eftirminnilegri.

Hvað kom þér mest á óvart eftir frumsýninguna,

í sjálfu ferlinu eftir frumsýningu?

„Það sem kom eiginlega mest á óvart voru sjálfar viðtökurnar. Það er ótrúlegt hvað við vorum heppnar með viðtökum og fyrir það erum við mjög þakklátar. Sýningin fór strax á flug og hver sýningin seldist upp á fætur annarri. Það má segja að við höfum fyllst sjálfstrausti á ný eftir frumsýninguna þegar við áttuðum okkur á því hvað við værum með í höndunum. Við vorum oft stoppaðar úti á götu og fengum hrós frá ánægðum áhorfendum. Þetta var okkar fyrsta leikverk og við gerðum það sjálfar frá grunni. Við fengum hugmynd, framkvæmdum hana og uppskárum svo að við erum rosalega stoltar og sáttar með allt Konubarnaævintýrið.“

### Er næsta verk komið á teikniborðið?

„Já, það má segja það. Við erum komnar af stað í hugmyndavinnu og erum með nokkur járn í eldinum. Þessi hópur er kominn til að vera og mér finnst sjálfri mjög spennandi að sjá hvað við tökum okkur næst fyrir hendur!“

Það er óhætt að segja að Gaflaraleikhúsið sinni bæði nýsköpun, grasrót og veruleika unga fólksins duglega þessi misserin og hvetji ungt fólk til dáða. Þessi hvatning sést kannski best á því að allar ungu konurnar sex úr Konubörnum stunda núna nám við Listaháskóla Íslands, ýmist á leikarabrot eða sviðslistabrot. Það er enda ómetanlegt fyrir unga listamenn að fá tækifæri til að spreyta sig í alvöru aðstæðum og vonandi að þessi stefna Gaflaraleikhússins verði áfram við lýði og að nýstárlegar sýningar um og eftir unga fólknið nái til miklu fleiri en bara íbúa í Hafnarfirði.



## Starfsmenntunarsjóðir Hlífar –

# Símenntun fyrir alla félagsmenn

Félagsmenn Hlífar hafa nú aðgang að þremur öflugum starfsmenntunarsjóðum sem er einkum ætlað að byggja upp og efla starfs- og símenntun félagsmanna. Þetta eru Starfsafl (fyrir félagsmenn á almennum vinnumarkaði), Flóamennt (fyrir starfsmenn sem starfa hjá ríki og á hjúkrunarheimilum) og að síðustu Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar, en hann er ætlaður starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar, auk starfsmanna hjá sjálfstætt starfandi skólum.

### Starfsafl – fyrir almennan markað

Starfsafl varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000 þegar samið var um stofnun sérstaks sjóðs til að byggja upp menntun ófaglærðra. Símenntun starfsmanna er einn mikilvægasti liðurinn í betra starfsumhverfi fyrirtækja og aukinni framleiðni og símenntun styrkir án nokkurs vafa samkeppnisstöðu fyrirtækja, burtséð frá því á hvaða markaði það starfar.

### Frumkvæði að þróunarverkefnum

Markmið Starfsafls er að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf sem tengist málaflokknum. Þannig vill Starfsafl stuðla að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.

### „Fræðslustjóri að láni“

Einn þátturinn í þessu er fræðsluráðgjöf innan fyrirtækjanna sjálfra. Í upphafi gekk verkefnið undir heitinu „Nýliðafræðsla“ en hefur fest sig í sessi undanfarin ár undir nafninu „Fræðslustjóri að láni“.

Allar nánari upplýsingar er að finna á [starfsafl.is](http://starfsafl.is).

### Flóamennt

Flóamennt er starfsmenntunarsjóður fyrir starfsmenn sem starfa hjá ríki og á

hjúkrunarheimilum og eru Efling og VSKF einnig aðilar að honum. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla starfs- og símenntun starfsmanna auk þess að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt. Þeir félagsmenn Hlífar sem starfa hjá ríki og á dvalar- og hjúkrunarheimilum eins og Sólvangi og Hrafnistu eða hjá Heilsugæslunni, Vegagerðinni o.fl. geta sótt um styrki til sjóðsins.

### Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar

Félagsmenn sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ, auk starfsmanna sjálfstætt starfandi skóla, geta sótt um styrki til Námskeiðssjóðsins. Hann er eign Hlífar og er honum ætlað að styrkja félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitarfélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins eru Hafnarfjörður og Garðabær.

### Helstu breytingar árið 2015

Nokkrar breytingar urðu á reglum hjá Starfsafl og Flóamennt á þessu ári, sumar þeirra til allmikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. Árleg styrkuppþæð hækkaði t.a.m. í kr. 75.000- (frá 1. janúar hjá Flóamennt en frá 1. júní hjá Starfsafl), en áfram er þó miðað við að ekki séu greidd meira en 75% af kostnaði.

Svokallaður þriggja ára styrkur hækkaði í kr. 225.000-, en það þýðir að ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár

á hann rétt á styrk allt að kr. 225.000 fyrir eitt samfellt námskeið/nám.

Aðrar breytingar snúa að umsóknarfyrirkomulaginu. Hjá Flóamennt sækir t.d. einstaklingur núna um alla styrkuppþæð vegna náms- og kynnisferðastyrkja, en áður skiptist þetta til helminga á milli einstaklings og stofnunar. Hjá báðum sjóðum er núna miðað við að einstaklingur skili inn reikningi vegna náms/námskeiðs innan þriggja mánaða eftir að greiðsla fer fram.

### Upplýsingar á netinu

Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur, umsóknareyðublað og annað varðandi sjóðina er að finna á heimasíðu Hlífar á slóðinni <http://hlif.is/fraeslusal>, en sótt er um styrki til allra þriggja sjóðanna á skrifstofu Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Miðstöð símenntunar í



Hafnarfirði

# Fjarnám

frá Háskólanum á Akureyri

**Tungumál & frístundanámskeið**

**Fjarfundabúnaður**

**Fullorðinsfræðsla**

**í meira en þrjátíu ár**

Skráning og námskeið á

[www.nhms.is](http://www.nhms.is) og í síma 585-5860.

# Yppskriftir að HÁTÍÐARMAT

## LAXARÚLLUR MEÐ RJÓMAOSTI OG PIPARRÓT

Einfalt - Tími: 20 mín

Úr þessari uppskrift fást fjórar laxarúllur

Hráefni:

4 sneiðar reyktur/grafinn lax  
25 g rjómaostur með kryddblöndu  
25 g hreinn rjómaostur  
50 g reyktur lax (saxaður)  
1 tsk saxaður ferskur graslaukur  
1 tsk sítrónusafi  
2 tsk sýrður rjómi  
1 tsk rífin piparrót  
salt og nýmalaður svartur pipar

Aðferð:

Blandið rjómaostunum saman, kryddið blönduna með piparrót, sítrónusafa, salti og nýmöluðum svörtum pipar. Saxið graslaukinn og bætið honum saman við. Saxið 50 g af laxi, bætið honum út í og hræið allt vel saman. Leggið sneiðarnar á bakka, setjið rjómaostalaxamauk á sneið og rúllið upp. Skreytið topp rúllunnar með lítilli doppu af sýrðum rjóma og graslauki.

## HAMBORGARHRYGGUR MEÐ APPELSÍNURJÓMASOÐNUM SÆTUM KARTÖFLUM OG RAUÐVÍNSSÓSU

Fyrir fjóra

Hamborgarhryggur

1,2 kg hamborgarhryggur með beini  
1,7 lítrar vatn (eða svo fljóti vel yfir hrygginn)  
2 dl rauðvín  
1 stk meðalstór laukur (gróft saxaður)  
1-2 stk gulrætur, skornar í sneiðar  
100 g sellerírot, skorin í bita

Rauðvínssósa

35 g smjör  
30 g hveiti  
6-8 dl soð úr pottinum  
35 g laukur  
35 g sveppir  
1 msk rífsberjasulta  
1 dl matreiðslurjómi  
kjótkraftur  
salt og pipar  
sósulitur



Sætar kartöflur

700 g sætar kartöflur  
35 g smjör  
1 tsk rósmarín  
85 g rjómaostur með appelsínulíkjör  
¾ dl appelsínusafi  
1 ½ dl matreiðslurjómi  
salt og nýmalaður svartur pipar

Matreiðsluaðferð

Hryggur:

Setjið hamborgarhrygginn í vatn ásamt grænmetinu og rauðvíninu. Látið suðuna koma upp við vægan hita og sjóðið í u.p.b. 40 mínútur. Takið af hellunni og látið standa í soðinu í eina klukkustund. Skerið í sneiðar og leggið á fat.

Sósa:

Bræðið smjörið og setjið út í það saxaðan lauk og saxaða sveppi. Setjið hveitið saman við og útbúið smjörbollu. Hellið soðinu saman við ásamt rauðvíni. Bætið við rífsberjasultu og matreiðslurjóma og bragðbætið með svínakrafti, salti og pipar. Litið að lokum með sósulit.

Kartöflur:

Skerið sætu kartöflurnar í teninga og steikið þær létt í smjörinu. Bætið rósmaríni saman við og hellið appelsínusafanum yfir. Hellið því næst matreiðslurjómanum á pönnuna og látið sjóða vel saman. Bætið loks við rjómaosti með appelsínulíkjör og kryddið með salti og nýmöluðum svörtum pipar.

## KÓKOS-PANNACOTTA (SKREYTT MEÐ PISTASÍUHNETUM, GRANATEPLAFRÆJUM OG SÚKKULAÐISNJÓ)

Einfalt - Fyrir 4-6

Best er að gera þennan eftirrétt daginn áður  
eða snemma sama morgun.

Hráefni:

3 stk matarlímsblöð  
1 stk vanillustöng, klofin og kornin skrópuð úr  
3 dl rjómi  
3 dl kókosmjólk (ekki létt eða fituskert)  
1 dl flórsykur

Skraut:

• pistasíuhneter eftir smekk (saxaðar)  
• fræ af einu granatepli eða mulin hindber  
• hvítt súkkulaði eftir smekk, raspað

Aðferð:

Leggið matarlímsblöð í kalt vatn í fimm mínútur. Á meðan setjið þið flórsykur, rjóma, kókosmjólk, vanillukorn og klofna vanillustöngina í pott. Setjið á hellu, kveikið undir og hræið stöðugt í. Þegar suðan er um það bil að koma upp er potturinn tekinn af hellunni. Hellið næst vatninu af matarlíminu og setjið það út í heita rjóma-blönduna og hræið ákaf með þiski. Við þetta gýs upp dásamleg kókos- og vanillulykt. Fjarlægjið vanillustöngina og hellið blöndunni í fallg glös. Setjið í kæli og geymið þar til stíft.

Áður en rétturinn er borinn fram eru glösín skreytt að vild, t.d. með pistasíuhneta, granateplafræjum og vænum skammti af rífnu, hvítu súkkulaði.



## FYLLTAR KALKÚNABRINGUR MEÐ VILLISVEPPAOSTASÓSU

Tími: 70 mín

Kalkúnn:

1 kg kalkúnabringur  
20 korn mulinn grænn pipar  
salt og pipar

Fylling:

20 g þurrkaðir villisveppir  
100 g sveppir  
1 msk smjör  
1 stk villisveppaostur (steypdur)  
1 stk egg  
2 dl brauðraspur  
100 g pekanhnetur (saxaðar)  
salt og pipar

Villisveppaostasósa:

250 g saxaðir sveppir  
100 g fint saxaður laukur  
50 g smjör  
3 dl kjúklingasoð (eða vatn og teningur)  
1 stk villisveppaostur (steypdur)  
125 g rjómaostur með svörtum pipar  
5 dl rjómi

Matreiðsla kalkúns:

Setjið villisveppina í bleyti í sjóðandi vatn. Látið standa í 15 mínútur, veiðið sveppina upp úr vatninu og saxið þá fint ásamt venjulegu sveppunum. Steikið alla sveppina á pönnu í smjörinu og setjið í skál. Rífið niður villisveppaostinn og blandið saman við kælda sveppina, setjið saman við restina af hráefnunum og hræið vel saman. Skerið í hliðina á kalkúnabringunni svo að myndist vasi, setjið fyllinguna í með skeið og brúnið bringurnar á pönnu. Setjið á grind og kryddið með salti, pipar og grænum pipar. Steikið við 130°C á blæstri í 45-50 mínútur.

Sósa:

Steikið sveppina og laukinn í smjörinu, bætið við kjúklingasoðinu og rjómanum. Skerið ostinn í bita og bræðið í sósunni við vægan hita, þykkið að vild.





				VINNU- REGLA	OFÞÖGUR	FOR		LÆRIR	VEFENGJA	BROTT VEIKI		SEFANDI
				ÖNUGUR								
				KÚGUN		RÁNDÝR						
				FRÆ		VANSKILA						
							FRESTA					
							SKÍTUR					
				ALDIN- LÖGUR				ÁTT			ÍSLESKT VATNSFALL	
								SÓÐA				
				AFSTYRMI						Í RÖÐ		
										YFIRLIÐ		
				SKIL	SVELG				KK NAFN			
					SKJÓTUR				PILI			
							ÆTI					ÚT- DRÁTTUR
							HLJÓÐFÆRI					
						BÓLA				Í RÖÐ		
						LÉREFT				LÍÐA VEL		
								VESÆLL				
								FENGUR				
						RÍKI Í ARABÍU			ÚTJADAR	LÍK		
						MEGIN				MAÐUR		
							BLÁSA				RÓMVERSK TALA	
							FLÖKT				POT	
						FORMÆLA					MUNNI	
						ÞAKBRÚN					NÆRA	
						FLÓN			BOTNFALL			ÓLÆTI
						KAUP- BÆTIR			LÍKAMS- HLUTI			
								HÓPUR				
								KVARTANIR			GOSOP	
						SKERMUR				SÍÐA		
						KROPP				FRUMEIND		
						NÚMERA					SVELL	
						DÁ					TUNNU	
							Í RÖÐ		RÓTAR- TAUGA			
							SKÓLI		LÉST			
					VÍN			ÚR- SKURÐUR				
								AUÐUR				

Nafn: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_  
 Heimili: \_\_\_\_\_ Lausnarorð: \_\_\_\_\_